

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTI
ÁRSRIT 2011



MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTI

ÁRSRIT 2011

Ágæti lesandi

Í þessu fyrsta ársriti mennta- og menningarmálaráðuneytis er leitast við að bregða ljósi á helstu verkefni þess á árinu 2011. Markmiðið er að skýra umfang starfseminnar, þann mikla fjölda erinda, sem afgreiddur er og þau sérstöku verkefni, sem ráðuneytið tókst á hendur. Ekki er nema að litlu leyti gerð grein fyrir reglubundnum verkefnum en í viðauka er listi yfir þau og ársritið er ekki tæmandi um öll verkefni ráðuneytisins á árinu.

Það fyrsta sem vekur sérstaka athygli er fjöldi nýrra mála, sem stofnað var til á árinu en þau voru yfir 7000. Þá hefur aukist mjög að erindi berist með rafrænum hætti til ráðuneytisins og fjölgaði þeim um meira en eitt þúsund milli ára.

Óhætt er að segja að íslensk stjórnvísla sé skilvirk ef borinn er saman málafjöldinn og fjöldi starfsfólks í ráðuneytinu. Í íslenskum ráðuneytum þarf hver starfsmaður að fást við mörg og fjölbreytt verkefni, sem víðast annars staðar er dreift á marga starfsmenn. Af þessu leiðir einnig að mikið álag er á starfsfólk í ráðuneytum og vil ég nota þetta tækifæri til að færa starfsmönnum mennta- og menningarmálaráðuneytis sérstakar þakkir fyrir frábært og árangursríkt starf.

Ásta Magnúsdóttir
ráðuneytisstjóri

I. STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS

Tvær konur gegndu embætti mennta- og menningarmálaráðherra árið 2011

Frá 31. maí til 31. október 2011 var Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra í fæðingarorlofi og gegndi Svandís Svavarsdóttir, umhverfisráðherra, embætti mennta- og menningarmálaráðherra á þeim tíma. Katrín er einnig samstarfsráðherra Norðurlanda og meðal fyrstu verka hennar að loknu fæðingarorlofi var að sækja Norðurlandaráðsþing, sem haldið var í Kaupmannahöfn.

1.1 Starfsmannamál

Í árslok 2011 voru starfsmenn ráðuneytisins 79 að tölu, 51 kona og 28 karlar.

Mynd 1 Starfsfólk ráðuneytisins eftir kynjum

Meðalaldur starfsfólks árið 2011 var 51,3 ár en var 50,9 ár árið 2010. Meðalstarfsaldur árið 2011 var 11,3 ár en var 11,6 ár árið 2010.


Nánar um starfsmannabreytingar í viðauka IV.

Mynd 2. Menntun starfsfólks í árslok 2011


Menntun starfsfólks skiptist þannig árið 2011 að 65 starfsmenn eru með háskólapróf, þar af eru 20 með fyrstu háskólagráðu eða 24%, 38 með aðra háskólagráðu eða 47% og 7 með doktorspróf eða 9%. Með aðra menntun eru 16 starfsmenn eða 20%.

Tafla 1.1 Starfsfólk

	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Fjöldi starfsfólks	77	72	76	75	71	79
Meðalaldur, ár	49	49	50	50	51	51
Meðalstarfsaldur, ár	11	10	10	11	11	11
Hlutf. háskólamenntaðra	71%	76%	74%	75%	77%	80%



Mynd 1 Starfsfólk ráðuneytisins eftir kynjum




Mynd 2 Menntun starfsfólks í árslok 2011

Upplýsinga- og fjármálasvið


fer með málefni er varða fjárlagagerð og framkvæmd fjárlaga, áætlanagerð vegna rekstrar, stofnkostnaðar og tilfærslna sem tengjast aðalskrifstofu ráðuneytisins og undirstofnunum og fjárlagaliðum sem ráðuneytinu tilheyra.

Upplýsinga- og fjármálasvið hefur umsjón með samningagerð um fjárhagsmálefni og framkvæmdir á vegum ráðuneytisins. Jafnframt því hefur fjármálasvið umsjón með fjárreiðum og rekstri ráðuneytisins og annast framkvæmd kjarasamninga fyrir þess hönd. Einnig hefur það umsjón með upplýsingamiðlun, þar með talið innri og ytri vef, útgáfumálum á vegum ráðuneytisins og skjala- og gagnastjórn. Þá hefur það umsjón með gæðastjórnun innan ráðuneytisins og þróun upplýsingatæknimála. Undir starfsemi upplýsinga- og þjónustusviðs fellur jafnframt móttaka ráðuneytisins, innkaup og sameiginleg þjónusta.

Sviðið fer með starfsmannamál, þ.m.t. endurmenntun og starfsþróun. Það sinnir almennum verkefnum sem miða að því að móta og bæta starfsumhverfi og starfshætti innan ráðuneytisins.



Mynd 3. Fjöldi nýrra mála í Málaskrá árin 2006–2011



Mynd 4. Tölvupóstur á netfangið postur@mrn.is

Málaskrá

Málaskrá ráðuneytisins hefur verið í notkun frá 1994. Hún er rafrænt skjalastjórnarkerfi Stjórnarráðsins í Lotus Notes. Innkomin erindi eru skráð og skönnuð og öll útsend bréf eru unnin í málaskrá, ásamt minnisblöðum, samningum, fundargerðum o.fl. Frá árinu 2010 hafa öll útsend bréf verið skönnuð. Frá og með 1. janúar 2011 er málaskrá ráðuneytisins samþykkt sem rafrænt skjalastjórnarkerfi og er ráðuneytið þar með fyrst opinberra aðila til að fá slíka viðurkenningu.

Á árinu voru 7009 ný mál skráð í málaskrá, ný skjöl 40.167 og heildarfjöldi mála í málaskrá yfir 90 þúsund. Sjá nánar í töflu hér að neðan.

Tafla 2. Skjalasafnið í tölum 2006–2011

	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Ný mál á árinu	5.795	6.038	5.544	7.840	7.142	7.009
Ný skjöl á árinu	24.967	25.498	24.199	28.363	33.455	40.167
Heildarfj. mála í málaskrá í árslok	57.961	63.526	68.978	76.685	83.744	90.813
Innkominn tölvup. á netf. mrn	1.995	2.090	2.661	2.551	3.168	4.213
Beiðnir um aðgang að gögnum	31	92	85	88	81	53
Fjöldi mála í vinnslu í árslok	2.800	2.819	3.110	2.257	2.679	3.680

Málaskráin í tölum

Mynd 3. Fjöldi nýrra mála í málaskrá árin 2006–2011

Fjölgun mála árið 2009 skýrist af fjölda útgefna leyfisbréfa fyrir leikskólakennara sem voru yfir tvö þúsund. Fjöldi mála árið 2010 skýrist af því að nýtt skjalaflokkunarkerfi var tekið í notkun 02.01.2010 og voru búin til 1200 ný mál fyrir þau mál sem voru í vinnslu 31.12.2009.

Mynd 4. Tölvupóstur á netfangið postur@mrn.is 2006–2011

Almennar fyrirspurnir og erindi berast í auknum mæli með rafrænum hætti til ráðuneytisins. Á milli áruna 2010 og 2011 var aukningin um 33%.

Mynd 5. Fjöldi umsókna um leyfisbréf 2006–2011

Árið 2009 fengu leikskólakennarar í fyrsta skipti leyfisbréf.

Þann 1. júlí 2011 rann út frestur til að sækja um leyfisbréf kennara fyrir gildistöku laga nr. 87/2008 og í júní bárust 1 123 umsóknir um leyfisbréf.


Mynd 6. Fjöldi styrkumsókna skráður í Málaskrá 2006–2011

Tafla 3. Fjöldi styrkumsókna skráður í Málaskrá 2006–2011


Menningarmál	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Íþróttasjóður	138	164	168	239	124	121
Listir - menningarmál	570	330	528	229	273	694 *)
Styrkir til leikhópa	48	58	58	76	90	80
Tónlistarsjóður	179	212	243	216	303	265
Æskulýðssjóður	82	0	156	168	136	140
Fornleifasjóður					45	
Grænlandssjóður-	-	-	-	-	39	4
Þjóðhátíðargjöf Norðmanna	-	-	-	-	34	35
Alls sjóðir og styrkir um menningarmál	1.017	764	1.153	928	999	1384

*aukning vegna umsókna um styrk af fjárlögum 2012

Menntamál	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Íslenskukennsla fyrir útlendinga	27	148	127	73	75	85
Námsorlof kennara og stjórnenda frh.skóla	119	129	117	94	127	162
Norr. starfsmenntunarst.	19	18	7	11	14	3
Dönskukennsla	13	11	7	7	9	-
Hásk. nám á Ítalíu	7	5	1	1	-	-
Hásk. nám í Danm.	25	-	10	-	-	-
Hásk. nám í Kína 10	2	4	4	5	3	
Hásk. nám í Rússlandi	3	-	3	2	2	1
Hásk. nám í Taiwan	4	1	1	1	-	-
Hásk. nám í Tékklandi	3	1	-	-	-	-
Hásk. nám í Þýskalandi	6	4	3	24	32	8
Vinnustaðanám					68	
Þróunarsj. námsgagna			152	179	151	142
Alls sjóðir og styrkir um menntamál	236	319	432	396	415	472
Styrkumsóknir alls	1.253	1.083	1.585	1.324	1.414	1.856



Mynd 5. Fjöldi umsókna um leyfisbréf 2006–2011



Mynd 6. Fjöldi styrkumsókna skráður í Málaskrá 2006–2011


Tafla 4. Fyrirspurnir til ráðuneytisins 2007-2011

Málefni	2007	2008	2009	2010	2011
Skólamál	204	218	176	233	234
Eurydice	20	18	12	17	11
Menningarmál	22	25	13	37	24
Íþrótt- og æskulýðsmál	8	1	0	1	6
Vísindi og tækni	5	3	0	1	1
Fyrirspurnir frá Alþingi	38	25	60	46	52
Fyrirspurnir um störf	25	53	53	46	28
Fyrirspurnir alls	322	343	314	381	356

Tafla 5. Kvartanir og kærur 2009-2011

Málefni	2009	2010	2011
Kærur	8	14	11
Kvartanir til Umboðsmanns Alþingis	5	17	13
Kvartanir v. leikskóla	3	6	3
Kvartanir v. grunnskóla	54	12	18
Kvartanir v. frh.skóla	29	25	9
Kvartanir v. háskóla	6	4	3
Kvartanir v. námsstyrkjanevndar	2	1	4
Kvartanir og kærur samtals	107	79	61

Mynd 7. Fjöldi rafrænna umsókna frá Umsóknavef Stjórnarráðsins



Mynd 7. Fjöldi rafrænna umsókna frá Umsóknavef Stjórnarráðsins

Frá árinu 2007 hefur mennta- og menningarmálaráðuneytið boðið upp á rafræn/gagnvirk eyðublöð á umsóknavef Stjórnarráðsins (<http://umsoknir.stjr.is>).

Tafla 6. Mest heimsóttu síðurnar á ytri vef árið 2011

Tíu mest heimsóttu síðurnar á ytri vef árið 2011 (af 608.469 síðuflettingum árið 2011)

Síða árið 2010	Flettingar	Síða árið 2011	Flettingar
Forsíða	258.520	Forsíða	213.980
Leit	118.032	Námskrár	65.819
Aðalnámskrá grunnskóla	24.897	Leit	38.057
Námskrár	19.456	Ráðuneytið	5.607
Fréttir	14.312	Málafl. - leiksk.	4.988
Vefrit	14.299	Starfsfólk	12.880
Málafl. - menntamál	15.338	Lög og reglug.	12.708
Ráðuneyti	8.396	Fréttir	11.556
Starfsfólk	14.513	Málafl. - menning	10.813
Lög og reglugerðir	16.002	Stofnanir	9.078

Útgefin rit

Árið 2011 voru gefin út 47 rit á vegum ráðuneytisins, þar af 37 rit eingöngu á rafrænu formi og hægt er að nálgast þau á vef ráðuneytisins.

Mynd 8. Útgefin rit árin 2006–2011

Mynd 9. Fjöldi fréttatilkynninga, dreifibréfa og auglýsinga árin 2006 – 2011

Fréttatilkynningar, dreifibréf og auglýsingar

Á vegum ráðuneytisins er sendur út fjöldi fréttatilkynninga, dreifibréfa og auglýsinga ár hvert. Fréttatilkynningar eru sendar fjölmiðlum, alþingismönnum og hagsmunaaðilum eftir því sem við á. Jafnframt eru þær settar á innri og ytri vef ráðuneytisins og vef Stjórnarráðsins.


Fjármál

Fjárlagagerð


Unnið er að gerð fjárlagafrumvarps, fjárlaga og fjárlagavinnu allt árið um kring en álagstími vegna þess er í janúar – maí/júní og síðan í ágúst – september/október. Samstarfsaðilar eru aðrar skrifstofur ráðuneytisins, önnur ráðuneyti, stofnanir ráðuneytisins og fjármálaráðuneyti.

Vegna kröfu um hagræðingu þriðja árið í röð var vinna ráðuneytisins við frumvarp til fjárlaga 2012 nokkuð frábrugðið hefðbundinni fjárlagavinnu. Ekki var kallað efri fjárlagatillögum frá stofnunum eins og gert hefur verið heldur var farin sú leið að taka flatan niðurskurð. Niðurskurðarkrafa vegna ársins var 2%.

Í fjárlögum 2011 eru 97 fjárlagaliðir undir ráðuneytinu og 235 viðfangsefnanúmer. Það eru 55 A-hluta stofnanir, LÍN sem er C-hluta stofnun og RÚV sem er ohf. auk safnliða og sjóða. Háskólar eru sjö talsins, fjórir ríkisskólar og þrjú einkaskólar. Rannsókn- og þjónustustofnanir eru sjö. Framhaldsskólar eru 34 talsins, 28 ríkisskólar og sex einkaskólar. Þá eru 17 ríkisreknar menningarstofnanir.



Mynd 8. Útgefin rit árin 2006–2011




Mynd 9. Fjöldi fréttatilkynninga, dreifibréfa og auglýsinga

Tafla 7. Fjárveitingar eftir málaflokkum ráðuneytisins 2009-2011

Heiti	2009	2010	2011
Ráðuneyti	667,1	635,1	583,6
Háskólar og rannsóknir	20.249,9	20.045,9	18.708,0
Framhaldsskólar	19.012,9	19.273,4	18.487,3
Grunnskólar	647,8	655,0	623,1
Námsaðstoð	7.685,2	9.507,7	8.770,3
Söfn, listastofnanir o.fl.	9.202,6	9.178,0	8.937,6
Annað	1.335,5	1.068,2	1.024,4
Samtals	58.801,0	60.363,3	57.134,3

Mynd 10. Fjárveitingar eftir málaflokkum ráðuneytisins árið 2011



Tafla 8. Lykiltölur skólakerfisins 2011*

	Skólar	Nemendur	Kennarar	Annað starfsfólk
Leikskólar	278	18.961	3.299	2.189
Grunnskólar	172	42.539	4.477	2.890
Framhaldssk.	33	26.780	2.577	1.873
Sérskólar á framhaldssk.st.	72	2.609	-	-
Háskólar	7	18.367	3.170	2.181
Íslenskir náms. erl.		2.248		
Samtals	562	111.504	13.523	9.133

*Ekki endanlegar tölur

Samningar; gerð og framkvæmd

Ráðuneytið réðst í að endurskoða skilmála allra samninga sem það gerir við stofnanir sínar og einkaaðila. Tilgangurinn var að samræma kröfur og efla eftirlit ráðuneytisins með framkvæmd samninganna. Að jafnaði eru um 600 samningar í gildi, ýmist til eins árs eða nokkurra ára í senn og ár hvert eru gerðir eða endurnýjaðir um 300 samningar, stórir og smáir. Gerð þessara samninga og eftirlit með framkvæmd þeirra tekur því mikinn tíma og er vonast til að með nýjum vinnubrögðum taki samningagerðin styttri tíma og eftirlit verði markvissara.

Til að auðvelda yfirsýn og eftirfylgni var á árinu innleitt sérstakt upplýsingakerfi sem tengt er skjalavistunarkerfi ráðuneytisins. Kerfið heldur utan um samningana (m.a. þjónustusamninga, árangursstjórnunarsamninga, styrktarsamninga og verksamninga) og auðveldar að fylgjast með bæði faglegum og fjárhagslegum skuldbindingum, eins og gildistíma, skil á greinargerðum, ársskýrslum, ársreikningum, nemendatölum og boðun stöðufunda samningsaðila svo nokkur atriði séu nefnd.

Úttektir og athuganir Ríkisendurskoðunar

Nokkrar stofnanir og verkefni á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis voru efni úttektar eða sérstakra athugana af hálfu Ríkisendurskoðunar árið 2011. Gerðar voru stjórnsýsluúttektir á Hólaskóla – Háskólanum á Hólum og Náttúruminjasafni Íslands. Meðal annarra verkefna má nefna úttekt á fjármálastjórn Landbúnaðarháskóla Íslands á árunum 2005 – 2011, athugun á ráðstöfun fjárveitinga til æskulýðsmála og forkönnun á frumgreinanámi íslenskra skóla. Þá athugaði Ríkisendurskoðun skuldbindandi rekstrar- og þjónustusamninga ráðuneytisins og gerði nokkrar athugasemdir en eins og fram kemur hér að ofan var ráðist í miklar breytingar á framkvæmd þeirra.

Nefndir

Hinn 31. desember 2011 var 171 nefnd starfandi á vegum ráðuneytisins.

Aðalmenn voru 959, þar af 509 karlar eða 53% og 450 konur eða 47%.

Jafnréttismál

Ný jafnréttisáætlun ráðuneytisins tók gildi við árslok.

Unnið var að undirbúningi þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára sem samþykkt var á Alþingi 19. maí 2011. Mennta- og meningarmálaráðuneyti ber ábyrgð á eftirtöldum níu verkefnum fyrir árin 2011 – 2014 sem eru í áætluninni:

- Kynungabók - upplýsingarit fyrir ungt fólk
- Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum
- Jafnrétti í framhaldsskólum
- Jafnrétti í háskólum
- Félagslíf í framhaldsskólum
- Starfsgreinar
- Kennaramenntun
- Konur og kvikmyndagerð
- Aðgengi kvenna og karla að fjármagni til vísindarannsókna

Umsóknir og úthlutanir listamannalauna árin 2008- 2010 var tilraunaverkefni ráðuneytisins í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð. Verkefnið fólst í að safna, greina og birta upplýsingar um fjölda umsókna og úthlutana listamannalauna á síðustu árum. Greinargerð með niðurstöðum er á vef ráðuneytisins.

Upplýsingar um jafnréttismál eru á vef ráðuneytisins undir „Verkefni“.

Samantekt var gerð um jafnréttismál í undirstofnunum og stöðu í nefndum. Niðurstöður voru birtar í greinargerð til Jafnréttisstofu.



Lögfræðisvið undirbýr ákvarðanir um lögfræðileg málefni og veitir lögfræðilega ráðgjöf innan ráðuneytisins.

Lögfræðisvið hefur yfirumsjón með samningu lagafrumvarpa og reglugerða og undirbúningi stjórnsýsluúrskurða, auk þess sem það fer með samskipti við skrifstofu Alþingis.

Lögfræðisvið hefur af hálfu ráðuneytisins umsjón með lögformlegri framkvæmd EES-samningsins og alþjóðlegra samninga sem heyra undir ráðuneytið og Ísland er aðili að. Sviðið fer með starfsmannamál stofnana sem heyra undir ráðuneytið eftir því sem við á.

Lagafrumvörp og reglugerðir

Á árinu 2011 voru undirbúin 13 þingmál, þar af 9 fyrir vörping (139. löggjafarþing) og 4 fyrir haustþing (140. löggjafarþing). Þar af urðu 8 frumvörp að lögum á 139. löggjafarþingi og 3 frumvörp að lögum á haustþingi 140. löggjafarþings. Þá varð að lögum á árinu eitt frumvarp sem lagt var fram 2010 á haustþingi 139. löggjafarþings.

- Lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls, nr. 61/2011.
- Lög um breytingu á lögum um almenningsbókasöfn, nr. 36/1997, (lög nr. 69/2011).
- Lög um Þjóðminjasafn Íslands, nr. 140/2011.
- Lög um skil menningarverðmæta til annarra landa, nr. 57/2011.
- Safnalög, nr. 141/2011.
- Lög um breytingu á lögum um námsstyrki, nr. 79/2003, (lög nr. 108/2011).
- Lög um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, (lög nr. 91/2011).
- Lög um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, nr. 142/2011.
- Lög um breytingu á lögum um skil menningarverðmæta til annarra landa, nr. 57/2011, (lög nr. 172/2011).
- Lög um breytingu á lögum um opinbera háskóla, nr. 85/2008, (lög nr. 171/2011).
- Lög um breytingu á ýmsum lögum vegna eflingar tónlistarnáms, nr. 180/2011.
- Lög um fjölmiðla, nr. 38/2011.

Undirbúnar voru til birtingar 14 reglugerðir, þar af eftirtaldar stofnreglugerðir:

- Reglugerð um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi heilbrigðisstarfsmanna frá öðrum EES-ríkjum, nr. 461/2011
- Reglugerð um Lánasjóð Íslenskra námsmanna, nr. 478/2011
- Reglugerð um viðurkenningu á menntun og starfsreynslu til starfa í löggiltri iðn hér á landi, nr. 585/2011
- Reglugerð um Launasjóð stórmeistara í skák, nr. 600/2011
- Reglugerð um vinnustaðanáám og starfsþjálfun á vinnustað, nr. 840/2011
- Reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum, nr. 1040/2011
- Reglugerð um framhaldsfræðslu, nr. 1163/2011

Úrskurðir og ólit

Ráðuneytið sker úr um margvísleg málefni og eru úrskurðirnir birtir á vef þess. Á árinu 2011 voru fimm úrskurðir um úthlutun námsstyrkja, einn úrskurðir vegna málefna leikskóla og tveir úrskurðir vegna málefna grunnskóla.

Höfundaréttur

Eins og fram kemur á vef mennta- og menningarmálaráðuneytisins stendur nú yfir endurskoðun höfundalaga sem hófst 29. mars 2009. Rétt þykir að samræma íslensku höfundalögin þróuninni í höfundalöggjöf annarra Norðurlandabjóða, jafnframt því sem tryggja þurfi sem besta samsvörum laganna við tilskipanir ESB á sviði höfundaréttar og skuldbindingar Íslands samkvæmt alþjóðlegum höfundaréttarsáttmálum. Tilkoma netsins, stafvæðing og almennar tækniframfarir hafi leitt til gagngerra breytinga á notkun og miðlun efnis sem er háð höfundarétti. Helstu markmiðum endurskoðunarinnar er lýst í svonefndu leiðarljósi þar sem tiltekin eru átta áhersluatriði sem leggja ber til grundvallar við heildarendurskoðun höfundalaga.

1. Höfundalög þurfa að vera skýr og auðskiljanleg.
2. Áhersla er lögð á að haldið sé lagasamræmi við önnur norræn höfundalög.
3. Efla þarf virðingu fyrir höfundarétti m.t.t. menningarlegrar og efnahagslegrar þýðingar hans fyrir samfélagið.
4. Réttarúrræði fyrir rétthafa þurfa að vera skilvirk og hafa forvarnargildi.
5. Stuðla ber að því að notendur taki löglegra kosti fram yfir ólöglega eintakagerð.
6. Höfundalög ættu að stuðla að jafnvægi á milli rétthafa og notenda.
7. Leiðbeiningar og fræðsla um höfundarétt fyrir rétthafa sem og notendur.
8. Áhersla er lögð á mikilvægi alþjóðlegs samstarfs á sviði höfundaréttar.

Endurskoðun höfundalaga hefur verið skipt upp í áfanga þar sem stefnt er að því að leggja fram lagafrumvörp í loka hvers áfanga. Fyrsta áfanga við endurskoðun höfundalaga er lokið með samþykkt frumvarps sem varð að lögum nr. 93/2010. Gert er ráð fyrir að þeirri vinnu sem nú stendur yfir verði lokið með framlagningu frumvarps á 141. löggjafarþingi.

Fyrirspurnir til mennta- og menningarmálaráðherra á Alþingi

Árið 2011 bárust 49 fyrirspurnir frá Alþingi og óskað var ýmist eftir skriflegum eða munnlegum svörum. Alþingi setur þröngan tímaramma fyrir svör við fyrirspurnum en þau geta engu að síður verið mjög umfangsmikil og kallað á mikla vinnu.

Málaflokkagreining fyrirspurna á Alþingi til mennta- og menningarmálaráðherra:

Þingmál / löggj.þing	Málefni vísinda og háskóla
69/140	Kostaðar stöður við skóla á háskólast. 09.11.2011
150/140	Sjálfstæði Háskólans á Akureyri, 19.10.2011
390/139	Vísindarannsóknir og kynjahlutfall, 31.01.2011
399/140	Rammaáætlanir Evrópusambandsins um menntun, rannsóknir og tækniþróun, 15.12.2011
485/139	Íslenskir háskólanemar, 28.02.2011
510/139	Vísindarannsóknir og kynjahlutfall, 16.03.2011
519/139	Kennaramenntun, 16.02.2011
536/139	Skólagjöld og lán til greiðslu skólagj., 06.06.2011
885/139	Kostun á stöðum fræðimanna, 15.09.2011
904/139	Kostaðar stöður við skóla á háskólastigi, 5.09.2011

Þingmál / löggj.þing	Málefni grunnskóla
56/140	Námsárangur drengja í skólum, 5.10.2011
237/140	Aðgerðir gegn einelti, 12.12.2011
499/139	Upplýsingamennt í grunnskólum, 14.02.2011
520/139	Efling kennarastarfsins, 16.02.2011
524/139	Sveigjanleg skólaskil, 16.02.2011

Þingmál / löggj.þing	Málefni framhaldsskóla
153/140	Fjármálalæsi, 19.10.2011
227/140	Fjölgun framhaldsskóla 2.11.2011
231/140	Verknámshús við Fjölbrautaskóla Suðurlands, 2.11.2011
506/139	Beiting reiknilíkans við fjárveitingar til framhaldsskóla 14.02.2011
521/139	Efling iðn- og tæknináms, 16.02.2011
522/139	Stúdentspróf, 16.02.2011
525/139	Fjarnám unglinga, 16.02.2011
831/139	Aðgengi nemenda að Fjölbrautaskóla Suðurnesja, 11.06.2011

[Þingmál /
lökkj.þing](#)

Menningarmál

47/140	Tónlistar- og ráðstefnuhúsið Harpa, 4.10.2011
123/140	Íslandskynning, 17.10.2011
124/140	Ólöglegt niðurhal, 17.10.2011
125/140	Áhrif rafbókarinnar á skóla og menningu, 18.10.2011
240/140	Útsendingar Ríkisútvarpsins, 05.12.2011
283/140	Þátttaka Íslendinga á Ólympíuleikunum, 16.11.2011
284/140	Afrekssjóður Íþróttasambands Íslands, 16.11.2011
285/140	Ferðasjóður Íþróttasambands Íslands, 16.11.2011
286/140	Vetrariþróttamiðstöð Íslands á Akureyri, 16.11.2011
297/140	Þátttaka Íslendinga á Ólympíuleikum fatlaðra 17.11.2011
298/140	Íþróttaiðkun fatlaðra, 17.11.2011
313/140	Umfjöllun RÚV um landsfundi stjórn málafl., 24.11.2011
325/140	Náttúruminjasafn Íslands, 28.11.2011
326/140	Starfsskilyrði í æskulýðsstarfi, 28.11.2011
383/139	Framlög til kvikmyndag. og fleiri listgreina, 25.01.2011
440/139	Viðmælendur í fréttu- og þjóðlífspáttum RÚV, 24.02.2011
497/139	Hlutdeild norræns og bandaríks sjónv.efnis í dagskrá RÚV, 16.03.2011
512/139	Bygging tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu, 22.03.2011
518/139	Varðveisla menningararfsins á stafrænu formi, 17.03.2011
615/139	Gagnasafn RÚV, 11.04.2011
786/139	Kostnaður við tónlistar- og ráðstefnuhúsið Hörpu o.fl., 10.05.2011
835/139	Varðveisla minja um seinni heimsstyrjöldina, 11.06.2011
845/139	Húsafriðun, 10.06.2011

[Þingmál /
lökkj.þing](#)

Rekstur ráðuneytisins

162/140	Kostnaður við utanlandsferðir, 21.11.2011
179/140	Ráðningar starfsmanna, 21.11.2011
461/139	Áskrift að dagblöðum og héraðsfréttablöðum, 22.02.2011
806/139	Utanlandsferðir starfsmanna og embættism., 15.06.2011
816/139	Verktakasamningar, 15.06.2011

Fagfundir

Auk vinnu við endurskoðun höfundalaga hefur mennta- og menningarmálaráðherra haft frumkvæði að því að leiða viðræður milli fjarskiptafyrirtækja og réttihafa verndaðs efnis. Á árinu 2010 fóru fram, að finnskri fyrirmynd, svonefndir fagfundir (s. branchsamtal), með þátttöku samtaka listamanna, höfundaréttarsamtaka, fjarskiptafyrirtækja og fleiri um leiðir til að auka framboð á menningarefni á netinu og sporna gegn ólögumætri notkun efnis.

Á fagfundunum beindi ráðuneytið þeim tilmælum til SFH, Samtaka flytjenda og hljómplötuframleiðenda, STEFs og fjarskiptafyrirtækjanna að halda áfram viðræðum sínum, sem og þau gerðu. Þær leiddu til sameiginlegrar bókunar þessara aðila sem gerð var 30. maí 2011.

Í henni er skorað á stjórnvöld að beita sér fyrir því að heimilt verði að loka fyrir aðgang að tilteknum vefsíðum, sem teljast uppspretta ólöglegrar dreifingar höfundavaris efnis. Í öðru lagi er óskað eftir breytingu á höfundalögum um heimild til afritunar efnis til einkanota. Þá er í þriðja lagi hvatt til þess að virðisaukaskattur af sölu tónlistar á netinu verði lækkaður úr 25,5% í 7% og það hefur þegar verið gert. Loks var í bókuninni hvatt til viðtækra kynningarherferðar til að upplýsa almenning um kosti lögmætra nota tónlistar á netinu, umfram ólögumæt not.

Auk hinnar sameiginlegu bókunar, gerðu STEF og SFH sérstaka bókun þar sem sagði í fyrsta lagi: „Rétthafasamtökum verði veitt ótvíræð lagaheimild til þess að fylgjast með því hvort netnotendur séu að nota tónlist eða annað verndað efni á netinu á ólögumættan hátt. Sé sú raunin verði hlutaðeigandi notanda gert viðvart, en að því búnu geti samtökin gripið til aðgerða vegna hinna ólögumættu nota á borð við lögbann skv. 59. gr. höfundalaga“. Í öðru lagi sagði í bókuninni: „Tekið verði upp í höfundalög ákvæði um samningskvöð, sambærilegt þeim ákvæðum sem nú er að finna í 23. gr. og 23. gr. a laganna, er geri réttthafasamtökum, eins og STEFi og SFH, kleift að gera heildarsamninga við fjarskiptafyrirtæki sem veiti viðskiptavinum þeirra heimild til aðgangs að tónlist og öðru vernduðu efni á netinu gegn umsömdu endurgjaldi“.

Ráðherra hefur vísað framangreindum óskum samtaka réttihafa um breytingar á höfundalögum til umfjöllunar á vettvangi höfundaréttarnefndar, sem er ráðherra til ráðgjafar um höfundaréttarmál skv. 58. gr. höfundalaga nr. 73/1972.



II. MENNINGARMÁL

Nokkur helstu verkefni á sviði menningarmála árið 2011:

- Opnun Hörpu
- Þátttaka Íslands í bókasýningunni í Frankfurt
- Lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknaðs
- Íþróttastefna
- Íslenski skálinn á Feneyjatvíæringnum 2011
- Samkomulag um stefnumörkun fyrir íslenska kvikmyndagerð og kvikmyndamenningu árin 2012 - 2015
- Ný lög um fjölmiðla
- Fundur um heimsminjamál

Opnun Hörpu

Harpa, nýtt tónlistar- og ráðstefnuhús Íslendinga, var formlega opnað í maí 2011. Vladimir Ashkenazy stjórnaði opnunartónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Hörpu þann 4. maí og fjölbreytt opunarhátíð var haldin 13. maí. Við það tilefni flutti Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra ávarp og sagði m.a.: „Upphaf starfsemi í Hörpu lofar vissulega góðu. Við bjóðum Sinfóníuhljómsveit Íslands, Íslensku óperuna og alla aðra tónlistarflytjendur velkoma í húsið. Sem tónlistarunnendur og ráðstefnugestir eiga landsmenn allir og erlendir gestir okkar eftir að njóta þeirrar starfsemi sem hér fer fram í glæsilegri umgjörð, sem þegar hefur vakið athygli á alþjóðavettvangi.“

Að baki Hörpu liggur áratugalöng saga með aðkomu fjölmargra aðila. Það voru mikilvægir áfangar á þessari leið þegar ríkið og Reykjavíkurborg ákváðu 1999 að beita sér fyrir byggingu tónlistarhúss og ráðstefnumiðstöðvar og undirrituðu samnings þess efnis árið 2002. Þá var afgerandi fyrir framtíð hússins að mennta- og menningarmálaráðherra og borgarstjóri ákváðu í kjölfar efnahagsáfallsins árið 2008 að ljúka byggingu hússins þrátt fyrir erfitt árferði.

Skrifstofa menningarmála annast almenna stjórnýslu á sviði menningarmála, sem eru m.a. málefni lista og menningararfs, íslenskrar tungu, fjölmiðlamál og mál er varða íþrótt- og æskulýðsstarfsemi.

Á verksviði skrifstofunnar eru samskipti við opinberar menningarstofnanir og söfn, sveitarfélög, íþróttahreyfingar og önnur félagasamtök, fyrirtæki og einstaklinga. Haldnir eru reglulegir fundir með forstöðumönnum stofnana a.m.k. einu sinni ári auk annarra samskipta. Skrifstofan hefur umsjón með stuðningi ríkisins við listir og menningarlíf.

Á árinu 2011 voru 11 starfsmenn á skrifstofu menningarmála. Í viðauka eru talin helstu föstu verkefni skrifstofunnar.



Þátttaka Íslands í bókasýningunni í Frankfurt

Haustið 2011 var Ísland fyrst Norðurlanda heiðursgestur á bókasýningunni í Frankfurt.

Um 230 íslenskar bækur og bækur um Ísland voru gefnar út á þýska málsvæðinu á heiðursárinu í samstarfi við hátt í hundrað bókaforlög. Þetta eru talsvert fleiri bækur en fyrri heiðurslönd bókasýningarinnar hafa fengið gefnar út. Meðal þessara bóka voru nýjar þýðingar á Íslendingasögnum í fimm bindum, fjölmargar skáldsögur, ljóðabækur, leikrit, handbækur og fræðirit. Bækurnar voru kynntar á bókasýningunni m.a. á sérstakri dagskrá með íslenskum rithöfundum og upplestrum víða um borgina. Fjölmargar kynningar með þátttöku íslenskra höfunda voru á þýska málsvæðinu á árinu.

Íslenski skálinn á bókasýningunni vakti mikla athygli og hlaut mikið lof í fjölmiðlum. Lesandinn og bækur voru í brennidepli, en einnig fóru fram í skálanum fjölmargar höfundakynningar sem voru mjög vel sóttar.

Auk bókakynninga voru ýmsir íslenskir listviðburðir í Frankfurt. Í átta söfnum voru sýningar á samtímamyndlist, ljósmyndum, hönnun o.fl. Þá voru ýmsir tónleikar, sýndur listdans og íslenskar kvikmyndir. Alls voru viðburðir á þýska málsvæðinu á vegum Sögueyjunnar Ísland vel á þriðja hundrað á árinu. Þá var gerður samningur við útgáfufyrirtækið Amazon Crossing í Bandaríkjunum um útgáfu á íslenskum verkum á ensku.

Það hefur verið reynsla fyrri heiðurslanda að heiðursárið hefur aukið útbreiðslu bókmennta viðkomandi lands í heiminum varanlega, en það hefur líka verið vegna þess að verkefninu hefur verið fylgt dyggilega eftir í kjölfarið. Umtalsverðu fé hefur verið varið til verkefnisins og reynt verður að tryggja að sú fjárfesting skili sér vel inn í framtíðina og sú þekking og þau sambönd sem skapast hafa glattist ekki. Bókamenntasjóði verður falið að fylgja verkefninu eftir og er að því stefnt að breyta skrifstofu hans í Miðstöð íslenskra bókmennta með breytingu á lögum um sjóðinn.

Lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls

Lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls tóku gildi 7. júní 2011. Með lögnum er búið að festa í lög stöðu íslenskrar tungu, mæla fyrir um varðveislu hennar, þróun og nothæfni og aðgengi manna. Jafnframt er íslenskt táknmál viðurkennt sem fyrsta mál þess hluta heyrnarlausra, heyrnarkertra og daufblindra, og afkomenda þeirra, sem reiða sig á það til tjáningar og samskipta. Þá er í lögnum ákvæði um að íslenska ríkið hlúi að íslenska táknmálinu og styðji. Auk þess eru ákvæði um rétt þeirra, sem þörf hafa fyrir táknmál, að þeir skuli eiga þess kost að læra, tileinka sér og nota íslenska táknmálið frá máltökualdri eða frá þeim tíma sem heyrnarleysi, heyrnarkerðing eða daufblinda kemur fram síðar á ævinni. Einnig er mælt fyrir um hvernig lögnum skuli framfylgt og hverjir beri þá skyldu. Þá eru fyrirmæli um notkun íslenskrar tungu innan stjórnkerfis ríkisins, Alþingis, dómstóla og stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga.

Íþróttastefna

Mennta- og menningarmálaráðuneytið gaf út stefnu í íþróttamálum í september 2011. Hún tekur mið af þeim lagaskyldum sem ríkið hefur samkvæmt íþróttalögum, alþjóðalögum og samningum sem tengjast málefnum opinberra aðila og frjálsra félagasamtaka sem fara með íþróttamál í landinu auk þess sem stefnan birtist í framlögum á fjárlögum til íþróttamála og áherslum mennta- og menningarmálaráðherra hverju sinni.

Stefnan byggir á því grundvallarsjónarmiði að almennt íþróttastarf á Íslandi skuli skipulagt af frjálsum félagasamtökum. Þar er vísað til Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands, Ungmennafélags Íslands, sérsambanda, íþróttahéraða, íþróttafélaga og deilda um land allt. Stór hluti landsmanna tekur þátt í þessu starfi á einn eða annan hátt. Stefnan tekur jafnframt á öllum helstu þáttum íþrótt- og félagastarfi og hvernig opinberir aðilar og atvinnulíf hafi aðkomu að stuðningi við íþróttastarfið í landinu. Þá er lögð sérstök áhersla á að auka hreyfingu barna og unglinga á öllum skólastigum. Fjölmargar rannsóknir hafa sýnt fram á nauðsyn þess að bæta lífsstíl fólks og gegnir skólakerfið leiðandi hlutverki við að hvetja til hreyfingar og að auka þekkingu á gildi íþróttar. Við mótnun stefnunnar var horft til framtíðar og tekið mið af því sem áunnist hefur á undanförunum árum. Sett eru fram skýr markmið og bent á leiðir til að framfylgja þeim. Til þess að vinna að framkvæmd stefnunnar verður byggt á því að aðilar sem bera ábyrgð á málaflokknum, sem eru ríkið, sveitarfélögin og íþróttahreyfingin, hafi með sér samráð og samstarf. Stefna þessi gildir frá árinu 2011 – 2015 og verður hún þá endurmetin.

Íslenski skálinn á Fenejvatváringnum 2011

Íslenski skálinn á 54. Fenejvatváringnum var opnaður 3. júní 2011 í Palazzo Zenobio að viðstöddum á þriðja þúsund gesta. Spænsk - íslenska listatvívíkið Libia Castro og Ólafur Ólafsson voru fulltrúar Íslands. Sýning þeirra, „Under deconstruction“ var röð verka, sem unnin voru í ólíka miðla á borð við myndbönd, gjörninga, hljóðskúlptúra og málverk, þar sem tekið var með gagnrýnum hætti á aðkallandi málum innan alþjóðasamfélagsins og íslensk samfélags. Verk Libiu og Ólafs vakti umtalsverða athygli alþjóðlegra tímarita og fjölmiðla á borð við Frieze og Monopol, ARD, Süddeutsche Zeitung og Tagesspiegel.

Met í húsafríðun!

Ráðherra friðaði 39 hús á árinu og er það met. Aldrei hafa svo mörg hús verið friðuð á einu ári en húsafríðunarnefnd gerir tillögu til ráðherra um hvaða byggingar skuli friða. Flest húsanna eru friðuð að utan en einstaka byggingaperlur eru einnig friðaðar að innan.

Meðal þeirra húsa sem friðuð eru Hótel Borg, Gamli flugturninn við Reykjavíkflugvöll, Landspítalinn og Gamli Kvennaskólinn að Thorvaldsenstræti 2 (við Austurvöll), Gamla Bíó við Ingólfsstræti (hús Íslensku óperunnar) auk ráðhúss Vestmannaeyja. Verkamannabústaðirnir við Hringbraut og leikvöllurinn, þar sem styttn af Héðni Valdimarssyni stendur, er meðal athyglisverðra mannvirkja sem friðuð voru á árinu. 12 hús við Laugaveg og Bankastræti voru friðuð.





Samkomulag um stefnumörkun fyrir íslenska kvikmyndagerð og kvikmyndamenningu árin 2012 - 2015

Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, Steingrímur J. Sigfússon, fjármálaráðherra, Ari Kristinsson, formaður Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda (SÍK), Hrafnhildur Gunnarsdóttir, formaður Félags kvikmyndagerðarmanna (FK) og Ragnar Bragason, formaður Samtaka kvikmyndaleikstjóra (SKL) undirrituðu þann 7. desember 2011 „Samkomulag um stefnumörkun fyrir íslenska kvikmyndagerð og kvikmyndamenningu árin 2012– 2015“.

Í samkomulaginu koma fram áherslur á sviði kvikmyndagerðar og kvikmyndamenningar á Íslandi um þróun styrkjakerfis kvikmyndamála, kvikmyndalæsi, kvikmyndahátíðir, framboð á kvikmynduðu íslensku efni og markaðssetningu á íslenskri kvikmyndagerð. Einnig er fjallað um kvikmyndaarfinn, stafrænar kvikmyndir, kvikmyndamenntun og Ríkisútvarpið. Samkomulagið felur í sér að stuðningur við kvikmyndagerð á Íslandi í gegnum Kvikmyndasjóð eykst úr 452 millj. kr. á yfirstandandi ári í 700 millj. kr. árið 2015. Einnig verður komið á fót miðastyrkjum, framlög til kvikmyndahátíða og kvikmyndahúsa, sem leggja áherslu á listrænar myndir, verða aukin og veitt verður sérstakt framlag til endurnýjunar eldri mynda.

Ný lög um fjölmiðla

Í lok apríl samþykkti Alþingi lög um fjölmiðla og setti þar með í fyrsta sinn heildarlöggjöf um fjölmiðla og starfsemi þeirra hér á landi. Markmið laganna er að stuðla að tjáningarfrelsi, rétti til upplýsinga, fjölmiðlalæsi, fjölbreytni og fjölræði í fjölmiðlun sem og að efla vernd neytenda á þeim vettvangi.

Fjölmiðlanefnd, sem er sjálfstæð stjórnáskýslunefnd, var skipuð frá 1. september 2011 til 31. ágúst 2012. Verkefni hennar er að fylgjast með að fjölmiðlalögum sé framfylgt, þ.á m. um gagnsæi eignarhalds, um efni sem getur verið skaðlegt börnum, um aðgreiningu auglýsinga og ritstjórnarefnis o.fl. Elfa Ýr Gylfadóttir var skipuð framkvæmdastjóri fjölmiðlanefndar.

Menningarsamningar

Gerðir voru sjö menningarsamningar á árinu 2011, þ.e. samningar um menningarmál og menningartengda ferðaþjónustu, til þriggja ára á milli ríkisins og sambanda sveitarfélaga á Norðurlandi Eystra, Austurlandi, Suðurlandi, Suðurnesjum, Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi vestra. Samtals nemur árlegt fjárframlag til samninganna tæpum 250,7 m.kr. á ári. Þar af er hlutur ríkisins 179,2 m.kr. eða 60% af heildarframlagi. Hann skiptist þannig að mennta- og menningarmálaráðneyti leggur til 139,2 m.kr. og iðnaðarráðuneyti 40 m.kr. Sveitarfélögin leggja til 40% af heildinni eða samtals 71,6 m.kr. Þar með er stuðningi ríkisins beint í einn farveg í því skyni að efla slíkt starf um landið allt og gera það sýnilegt.

Markmið menningarsamninganna er að efla samstarf á sviði menningarmála á hverju svæði auk þess að stuðla að nýsköpun, fjölbreytni og fjölgun atvinnutækifæra á sviði menningar, lista og menningarferðaþjónustu. Á hverju svæði starfa menningarráð sem eru vettvangur samtarfs sveitarfélaganna og hafa það hlutverk að standa fyrir þróunarstarfi og úthluta fé til verkefna á sviði menningar og menningartengdrar ferðaþjónustu.

Heimsmínjamál

Í ársbyrjun afhenti mennta- og menningarmálaráðuneytið heimsmínjaskrifstofu UNESCO nýja yfirlitsskrá Íslands í tengslum við samning UNESCO um verndun menningar- og náttúruminja heims frá árinu 1972. Skv. 11. gr. heimsmínjasamningsins gera aðildarríkin „yfirlitsskrá yfir þau verðmæti á yfirráðasvæði sínu sem tilheyra menningar- eða náttúruarfleifðinni og sem eiga heima í heimsmínjaskránni.“ Hér er einungis um að ræða lista yfir staði, sem viðkomandi ríki mun hugsanlega tilnefna á næstu árum, en ekki tilnefningar á heimsmínjaskrá UNESCO.

Starfsmenn heimsmínjaskrifstofu UNESCO funduðu á Íslandi í október s.l. með fulltrúum Norðurlanda, Eystrasaltslanda og Vestur-Evrópuríkja ásamt fulltrúum frá norrænu heimsmínjaskrifstofunni í Osló um undirbúning skýrslugerðar, sem ríki Evrópu og N-Ameríku munu gera í sameiningu.

Við þetta tækifæri tók Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra og starfandi mennta- og menningarmálaráðherra við viðurkenningarskjali Surtseyjar, sem heimsmínjastaðar.

Æskulýðsrannsóknir, nokkrar niðurstöður

- Meirihluti barna í 5., 6. og 7. bekk hefur sterka sjálfsmynd og líður almennt vel.
- Börn sem stunda íþróttir reglulega eru síður einmana en önnur börn.
- Mikill meirihluti nemenda í 5., 6. og 7. bekk fær hjálp frá pabba sínum, mömmu eða systkinum við heimanámið. Stelpur eru fjölmennari í þeim hópi.
- Miklum meirihluta nemenda líður vel heima hjá sér og ver drjúgum tíma með foreldrum sínum.
- Hlutfall þeirra barna, sem hreyfa sig mikið, hefur hækkað undanfarin ár en hlutfall þeirra, sem hreyfa sig lítið sem ekkert, hefur líka hækkað.
- Um og yfir 70% nemenda segjast eiga marga vini. Nær enginn munur er á kynjum í þessu tilliti.
- 7 til 10% nemenda í 5.–7. bekk segjast fáa eða enga vini eiga.
- Mikill meirihluti nemenda segist aldrei hafa tekið þátt í stríðni/einelti í skóla. Stelpur eru fjölmennari í þeim hópi.
- Tæplega 11% nemenda finnst námið of erfitt. Næstum jafnmörgum finnst námið of létt.
- Hátt í fjórðungur nemanda segist engan tíma nota í lestur annarra bóka en skólabóka. Strákar eru fleiri en stelpur í þessum hópi.
- Um 92% nemenda eiga farsíma.
- Um og yfir 20% nemenda í 5. – 7. bekk segjast eiga erfitt með að sofna á kvöldin.
- Á um 17% heimila er talað annað tungumál ásamt íslensku.
- Um 20% nemenda búa ekki með föður sínum en um 5% ekki með móður.
- Hátt í 10% nemenda finnst hann ekki öruggur á skólalóðinni.

(Tekið úr skýrslunni Ungt fólk 2011).



Evrópa unga fólksins

Tæplega eitt þúsund ungmenni tók þátt í 62 verkefnum á vegum Evrópu unga fólksins, sem er ungmennaáætlun Evrópusambandsins og er ætluð ungu fólki á aldrinum 13 til 30 ára með áherslu á aldurinn 15 til 25 ára. Á árinu 2011 var úthlutað styrkjum að upphæð 171,4 m. kr. Styrkir eru veittir til verkefna sem byggja á óformlegu námi og eru skipulögð af ungu fólki. Einnig eru veittir styrkir til að taka þátt í námskeiðum fyrir þá sem vinna með ungu fólki.

Ungt fólk 2011, æskulýðsrannsóknir

Helstu niðurstöður úr rannsókninni Ungt fólk 2011 í 5., 6. og 7. bekk grunnskóla voru kynntar. Rannsóknin var lögð fyrir nemendum í öllum grunnskólum landsins í febrúar 2011. Hún er byggð á svörum við spurningum um líðan, menntun, menningu, tómstundir og íþróttaiðkun íslenskra ungmenna.

Frá árinu 1992 hefur mennta- og menningarmálaráðuneytið stuðlað að því að gerðar séu reglulegar rannsóknir á högum og líðan barna og ungmenna undir heitinu Ungt fólk. Rannsóknirnar eru gerðar í 5. til 10. bekk öllum grunnskólum og í öllum framahaldsskólum í landinu á þriggja ára fresti.



III. MENNTAMÁL

Nokkur helstu verkefni á skrifstofu menntamála árið 2011:

- Innleiðing laga um leik- grunn- og framhaldsskóla
- Innleiðing nýrra námskráa
- Gerð greinanámskráa fyrir grunnskóla og þróun lokamats
- Skil milli grunn- og framhaldsskóla: Innritun og aðgangur grunnskólanemenda að framhaldsskólaáföngum
- Samstarfsverkefni með Sambandi sveitarfélaga um ytra mat í grunnskólum
- Smíði Menntagáttar og Námskrárgrunns. Gerð öryggishandbókar fyrir gagnagrunna
- Efling notkunar frjáls og opins hugbúnaðar í skólum. UT leiðtogar í skólum
- Skólasamningar við opinbera framhaldsskóla og þjónustusamningar við einkaskóla
- Viðurkenning einkaskóla á framhaldsskólastigi skv. nýjum lögum
- Þróun viðmiða fyrir hæfniprep í framhaldsskólum og tenging við viðmiðaramma háskóla
- Tenging framhaldsfræðslu við hæfniprep í nýrri námskrá
- Þróun kennaramenntunar: Samstarfsverkefni um símenntun og þróun grunnenntunar
- Gerð dæmabrauta í starfsmenntun
- Aðgerðir gegn einelti í skólum
- Heilsuefling og forvarnir í leik- og grunnskólum og HOFF verkefni
- Þátttaka í gerð skýrslna og funda hjá Sameinuðu þjóðunum um mannréttindamál og réttindi barna á vegum innanríkisráðuneytis
- Handbók um öryggi og slysavarnir í leik- og grunnskólum
- Menntunaráttak á Suðurnesjum

Skrifstofa menntamála fjallar um málefni leik-, grunn- og framhaldsskólastigs, annast námskrárgerð fyrir þessi skólastig og sinnir málefnum sem varða framhaldsfræðslu og starfsmenntun. Skrifstofan stýrir og tekur þátt í að móta almenna stefnu í þessum málaflokkum, hefur umsjón með framkvæmd hennar og annast almenna stjórnýsly.

Skrifstofa menntamála er einnig í forsvari fyrir gerð og framkvæmd samninga um málefni sem falla undir málaflokkinn. Skrifstofa menntamála hefur jafnframt frumkvæði í þróun nýjunga í skólastarfi, m.a. á sviði upplýsingatækni, fjarkennslu og útgáfu námsgagna. Haldnir eru reglulegir fundir með forstöðumönnum stofnana, skólameisturum framhaldsskóla o.fl. a.m.k. einu sinni ári auk annarra samskipta.

Í viðauka II eru talin reglubundin verkefni skrifstofunnar (63 verkefni).

Grunnþættir menntunar, kjarni nýrrar menntastefnu

Í kjölfar efnahagshrunsins sem varð hér skömmu eftir samþykkt menntalaganna 2008 var eðlilegt að hugað væri sérstaklega að hlutverki skólakerfisins í þeirri uppbyggingu samfélagsins sem á sér stað um þessar mundir. Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra lagði inn í vinnu við aðalnámskrá sérstakar áherslur, sk. grunnþætti menntunar, sem leggja áherslu á persónuleg og samfélagsmiðuð gildi almennrar menntunar á skólastigunum þremur.

Grunnþættirnir eru: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun.

Grunnþættirnir eiga sér stoð, hver með sínum hætti, í löggjöf um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Einnig er sótt til annarrar löggjafar þar sem finna má ákvæði um menntun og fræðslu í skólakerfinu.

Grunnþættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn og ungmenni læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum. Grunnþættirnir snúast einnig um framtíðarsýn og getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa það.

Innleiðing laga og nýjar námskrár

Útgáfa nýrra aðalnámskráa fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla

Nýjar aðalnámskrár fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla voru gefnar út í maí og tóku gildi skólaárið 2011-12. Aðalnámskrár eru rammi um skólastarfið á þessum skólastigum og leiðsögn um tilgang þess og markmið. Þær birta heildarsýn um menntun og útfæra nánar þá menntastefnu sem felst í lögum. Aðalnámskrár eru ætlaðar stjórnendum skóla, kennurum og öðru starfsfólki í skólakerfinu. Einnig veita þær nemendum, foreldrum þeirra, opinberum stofnunum, félagasamtökum, aðilum atvinnulífsins og almenningi upplýsingar um tilgang og starfsemi skóla.

Nám er vinnandi vegur

Ríkisstjórnin kynnti í apríl 2011 átaksverkefnið Nám er vinnandi vegur (NVV). Markmið með áttakinu var að tryggja öllum umsækjendum yngri en 25 ára svo og atvinnuleitendum skólavist í framhaldsskólum haustið 2011.

Mennta- og menningamálaráðuneytið hóf í kjölfarið í samstarf við framhaldsskólana um að skipuleggja ný námstækifæri fyrir markhópa átaksins. Jafnframt var komið á ráðgjafarþjónustu við umsækjendur. Náms- og starfsráðgjafar ráðuneytisins höfðu samband við um 700 nemendur um sumarið. Í framhaldi þeirra samtala var þeim, sem þess óskuðu og uppfylltu skilyrði, fundin skólavist í samráði við starfsmenn framhaldsskólanna.

Alls innrituðust 1.479 nemendur í nám á vegum átaksins í níttján framhaldsskólum á haustönn 2011. Nemendahópurinn var tvískiptur, annars vegar nemendur á skrá hjá Vinnuálastofnun (VMST), sem gert höfðu samning um námið á haustönn og hins vegar nemendur 18-24 ára. Í hópnum voru umsækjendur með mjög fjölbreyttan bakgrunn, margir hverjir höfðu glímt við erfiðleika í námi á fyrri skólagöngu. Ráðuneytið skipulagði sérstaka eftirfylgni með nemendum í áttakinu í samráði við ráðgjafa og stjórnendur framhaldsskólanna til að stemma stigu við brotthvarfi. Söfnun tölulegra gagna s.s. upplýsinga um brotthvarf og mætingu nemenda var mikilvægur liður í eftirfölginni. Reglulegir fundir voru haldnir með náms- og starfsráðgjöfum þeirra framhaldsskóla sem innrituðu flesta nemendur í áttakinu. Markmið fundanna hefur verið að efla samstarf og skapa vettvang til að miðla því sem vel hefur gengið og draga lærdóm af því sem betur hefur mátt fara. Skólarnir fengu sérstakar fjárveitingar til að ráða fleiri náms- og starfsráðgjafa. Sex og hálf tóðugildi í ráðgjöf hafa þannig alls bæst við í framhaldsskólum vegna átaksins í samræmi við nemendafjölda í hverjum og einum skóla.

Brotthvarf var metið reglulega sem liður í eftirfölginni með nemendahópi NVV. Brotthvarf mældist í upphafi október 4,99% og alls höfðu 316 nemendur hætt námi við lok haustannar 2011 eða 21,3% þeirra sem byrjuðu. Alls brautskráðust 32 nemendur í lok annarinnar og rúmlega 200 skráðu sig ekki til áframhaldandi náms á vorönn 2012.

Gerð var könnun meðal þeirra 147 nemenda sem höfðu hætt námi í byrjun nóvember, þar sem spurt var út í ástæður brotthvarfs. Var það liður í eftirfölginni með hópnum svo og til að draga lærdóm af áttakinu og reynslu nemenda. Haft var samband við nemendur símléiðis í desember 2011 og janúar 2012. Í heildina fékkst mjög hátt svarhlutfall eða 93,88%. Algengustu ástæðurnar sem nemendur nefndu fyrir brotthvarfi voru andleg veikindi, fjárhagsástæður/örðugleikar, nám ekki við hæfi m.t.t. áhuga eða getu, atvinna og námsörðugleikar. Hátt hlutfall þeirra sem glíma við andleg veikindi, þunglyndi eða þunglyndi og kvíða, vakti sérstaka athygli svo og hversu erfiðlega hópnum yngri en 25 ára gekk að samræma nám og vinnu sem oftast varð á kostnað námsins. Einnig vakti athygli hversu stór hópur nemenda var jákvæður í garð frekara náms.

Eftirfylgni með nemendum í áttakinu verður haldið áfram á vorönn 2012.

Efling leikskólans

Á árinu hófst vinna á vegum ráðuneytisins við eflingu leikskólastigsins. Sérstaklega hefur verið horft til menntunar leikskólakennara því viðvarandi skortur hefur verið á þeim. Þá liggja fyrir upplýsingar um að umsóknum um leikskólakennaranám hafi fækkað mikið. Undir lok ársins skilaði starfshópur ákveðnum tillögum um aðgerðir og í framhaldi af því óskaði ráðherra eftir því að athugað yrði sérstaklega hvernig unnt væri að efla nýliðun í hópi leikskólakennara og auka hlutfall karla í leikskólum. Gert er ráð fyrir að aðgerðarskýrsla liggi fyrir í apríl 2012.

Reglugerð um ábyrgð og skyldur skólasamfélagsins í grunnskólum

Í framhaldi af setningu laga árið 2008 um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla hefur ráðuneytið unnið að útgáfu reglugerða sem útfæra nánar ákvæði laganna. Nú er lokið útgáfu yfir 30 reglugerða en ekki verða allar reglugerðarheimildir nýttar að svo stöddu. Síðasta reglugerðin sem gefin var út fjallar um ábyrgð og skyldur skólasamfélagsins í grunnskólum. Vinna við þá reglugerð kallaði á víðtækt samráð hagsmunaaðila.

Markmið reglugerðarinnar er m.a. að allir í skólasamfélaginu kappkosti í sameiningu að efla og viðhalda góðum starfsanda og jákvæðum skólabrag þar sem öryggi, vellíðan og heilbrigði eru höfð að leiðarljósi. Lögð var mikil áhersla á að ná sátt um þessa reglugerð sem ætlað er víðtækt hlutverk hvað varðar m.a. skólabrag, agamál, eineltismál, ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins og málsmeðferð í skólum en allir skólar skulu hafa heildstæða stefnu til að fyrirbyggja og bregðast við líkamlegu, andlegu og félagslegu ofbeldi og félagslegri einangrun.

Reglugerðin tók gildi í október 2011 og hefur verið rækilega kynnt skólasamfélaginu og unnið hefur einnig verið að gerð nokkurra verklagsreglna í kjölfar hennar.

Breytingar á lögum um grunnskóla

Unnið var að breytingum á grunnskólalögum vorið 2011 og var m.a. bætt við heimild í þeim til að setja reglugerð um skólalald fósturbarna en nokkur misbrestur hefur verið á skólagöngu þeirra og deilur um ábyrgð og kostnaðarpátttöku. Drög að reglugerð um skólagöngu fósturbarna er nú í umsagnarferli hjá samráðsaðilum og stefnt er að útgáfu í vor. Þess er vænst að með þeirri reglugerð verði hægt að leggja skýrar línur um verklag, fjárhagslega og faglega ábyrgð og skyldur aðila, en vilji löggjafans er skýr um það að öll fósturbörn eigi skilyrðislaust rétt á skólavist í lögheimilissveitarfélagi fósturforeldra.

Mat og eftirlit í leik- og grunnskólum

Ráðuneytið ásamt Sambandi íslenskra sveitarfélaga hefur í kjölfar laga frá 2008 um skólakerfið unnið saman að því að innleiða ákvæði í lögum um leik- og grunnskóla, um mat og eftirlit ríkis og sveitarfélaga. Í tengslum við það hefur yfirlit um kannanir í leik- og grunnskólum, verið uppfært og nýjar rannsóknir skráðar inn á árinu 2011. Unnin voru yfirlit yfir lögbundnar skyldur og ábyrgð skólanefnda sveitarfélaga, samkvæmt lögum um leikskóla og grunnskóla og haldin voru námskeið fyrir skólanefndir á átta stöðum á landinu.

Megininntak námskeiðanna voru leik- og grunnskólalög frá 2008, stjórnkerfi sveitarfélaga, ábyrgð og skyldur skólanefnda, skólustefna sveitarfélaga og rekstur leik- og grunnskóla. Þá voru unnar leiðbeiningar og viðmið fyrir sveitarfélög í tengslum við innra mat leik- og grunnskóla. Síðast en ekki síst



mati ráðuneytis og sveitarfélaga. Ákveðið var að vinna að tilraunaverkefni sem byggir á tillögum faghópsins. Haustið 2011 hóf verkefnisstjórn undirbúningsvinnu að verkefninu og ráðnir voru sérfræðingar til að annast útfærslu á tillögum faghóps, s.s. gerð viðmiða, siðareglna og leiðbeininga fyrir matsaðila.

Velferð og mannréttindi



Í ráðuneytinu hefur verið unnið að því með fjölbreyttum hætti að fylgja eftir áherslum í nýjum lögum um réttindi, öryggi og velferð nemenda. Ráðuneytið hefur tekið virkan þátt í starfsemi velferðarvaktarinnar allt frá efnahagshruni. Sérstakur hópur innan ráðuneytisins sem hefur það hlutverk að fylgjast með þróun mála og gerir tillögur um verkefni og áherslur ráðuneytisins í velferðarmálum til ráðuneytisstjóra eftir því sem talin er vera þörf á. Þá hefur ráðuneytið einnig unnið að áætlunum um heilsueflandi grunn- og framhaldsskóla, undirbúningi verkefnis um heilsueflingu í leikskólum og útgáfu rafrænna handbóka vegna slysavarna og öryggismála á leik- og grunnskólastigi.

Samhæfðar aðgerðir gegn einelti

Árið 2010 gerði starfshópur á vegum þriggja ráðuneyta 30 tillögur um samhæfðar aðgerðir gegn einelti. Frá árslokum 2010 hefur verkefnisstjórn unnið að því að fylgja eftir tillögum starfshópsins og hefur verið ráðinn verkefnisstjóri til að hafa umsjón með og fylgja eftir þeim verkefnum sem verkefnisstjórnin vill framkvæma, m.a. hafa umsjón með sérstökum degi gegn einelti og fagráði sem stofnað var til í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga. Fagráðið starfar á landsvísu og geta foreldrar og skólar óskað eftir aðstoð þess ef ekki tekst að finna viðunandi lausn innan skóla eða sveitarfélags, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir og aðkomu sérfræðipjónustu. Fagráðið tekur einnig við erfiðum eineltismálum frá vinnustöðum til úrlausnar. Í fjárlögum árána 2010, 2011 og 2012 var 9 milljónum ráðstafað árlega til að sinna þessu verkefni.

Í tilefni baráttudagsins gegn einelti 8. nóvember var undirritaður í Höfða í Reykjavík þjóðarsáttmáli um jákvæð samskipti og opnaður vefurinn www.gegneinelti.is

Í nýjum aðalnámskrám sem gefnar hafa verið út fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla er tekið á skólabrag og fjallað um aðgerðir skóla gegn einelti.

Þátttaka í úttekt á stöðu mannréttindamála

Á vettvangi mannréttindaráðs SP fer fram regluleg athugun á stöðu mannréttindamála í aðildarríkjum, svokallað Universal Periodic Review (UPR). Ísland var í slíkri athugun í október 2011. Skrifstofa menntamála tók þátt í vinnuhópi á vegum innanríkisráðuneytisins og fleiri ráðuneyta sem vann að undirbúningi hennar. Hópurinn vann t.d. að gerð skýrslu Íslands og var í því ferli lögð mikil áhersla á samráð við frjáls félagasamtök, stofnanir og almenning.

Í skýrslu mannréttindaráðs SP var íslenskum stjórnvöldum hrósað fyrir margt sem þótti gott í framkvæmd mannréttindamála. Tilgangur ferlisins er bæði að hrósa fyrir það sem vel er gert í framkvæmd mannréttindamála og benda á atriði sem ríki telja mega betur fara. Í samráði við sérfræðinga Stjórnarráðsins upplýsti sendinefnd Íslands um afstöðu Íslands til 52 af 84 tilmælum sem að Íslandi beindust við athuginina í október.

Hafin er vinna undir forystu innanríkisráðuneytis við mótun gerð landsáætlunar í mannréttindamálum fyrir Ísland, þá fyrstu sinnar tegundar hérlandis. Mennta- og menningarmálaráðuneytið tekur þátt í þeirri vinnu.

Framkvæmd sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins hér á landi

Öll ríki sem aðilar eru að framangreindum sáttmála og Barnasáttmálanum, þurfa að standa gerðum sínum skil frammi fyrir sérfræðinganefnd SP sem starfar á grundvelli sáttmálans. Mennta- og menningarmálaráðuneytið tók ásamt fulltrúum frá innanríkisráðuneyti og velferðarráðuneyti þátt í undirbúningi á svörum um framkvæmd sáttmálans og var í sendinefnd, sem sat síðan fyrir svörum um frammistöðu Íslands í Genf í september.

Sérfræðinganefnd Sameinuðu þjóðanna lagði fjölmargar spurningar fyrir sendinefndina og hvatti m.a. til þess að Barnasáttmálinn yrði lögfestur á Íslandi, líkt og mannréttindasáttmáli Evrópu. Á vef sérfræðinganefndarinnar um barnasáttmálann má sjá kafla um Ísland. Þar er skýrsla Íslands, spurningalisti frá nefndinni og svör Íslands. Í máli nefndarinnar kom fram að sérstaklega ánægjulegt hefði verið hversu vel stjórnsýslan hefði náð að vinna saman að þessu mikilvæga verkefni þvert á ráðuneyti og stofnanir.

Niðurstöður barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna á framkvæmd Íslands á barnasáttmála SP voru kynntar fimmtudaginn 17. nóvember. Mennta- og menningarmálaráðuneytið vannur með öðrum stjórnvöldum að því að finna farveg fyrir tillögur barnaréttarnefndarinnar og leggur áherslu á mikilvægi þess að stjórnvöld vinni samhent að þessum málum í samstarfi við stofnanir og frjáls félagasamtök. Næst verður framkvæmd Barnasáttmálans tekin fyrir árið 2018.

Tónlistarmál

Á árinu var undirritað samkomulag á milli ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms.

Markmið samkomulagsins er að efla tónlistarnám og gera tónlistarnemendum kleift að stunda nám sitt óháð búsetu. Með samkomulaginu tekur ríkissjóður yfir kostnað vegna kennslu í söngnámi á mið- og framhaldsstigi og hljóðfæranámi á framhaldsstigi. Felur aðkoma ríkisins í sér að framlög til málaflokksins aukast um allt að 250 m.kr. á ári og að sveitarfélögin tryggja að nemendur geti stundað nám sitt án tillits til búsetu. Samkomulagið gildir fyrir skólaárin 2011-2012 og 2012-2013.

Samkomulagið felur í sér að ríkissjóður veitir árlega framlag, alls 480 m.kr., vegna kennslukostnaðar í tónlistarskólum. Á móti skuldbinda sveitarfélög sig til að taka yfir ný verkefni frá ríki sem nemur 230 m.kr. Aukning á fjárframlögum til málaflokksins nemur því 250 m.kr.



Framlag ríkisins mun greiðast til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Munu sveitarfélögin tryggja að framlagið fjármagni kennslu þeirra nemenda, sem eru innritaðir í viðurkennda tónlistarskóla og uppfylla nánari skilyrði, sem sett verða í lögum um tónlistarskóla. Á grundvelli samkomulagsins ábyrgjast sveitarfélögin einnig að nemendur, sem uppfylla inntökuskilyrði tónlistarskóla og reglur um námsframvindu, geti stundað tónlistarnám á framhaldsstigi í hljóðfæraleik og á mið- og framhaldsstigi í söng án tillits til búsetu.

Á vegum ráðuneytisins hefur verið unnið að frumvarpi til laga um tónlistarskóla þar sem ýmis atriði í samkomulaginu verða útfærð nánar auk þess sem frumvarpið tekur mið af þeirri menntastefnu, með mörkuð var með skólalöggjöfinni 2008. Stefnt er að því að leggja frumvarpið fram á vörþingi 2012.

Framhaldsskólar innleiða frjálsan hugbúnað

Áfram var unnið var að því á árinu að framhaldsskólar geti stuðst eingöngu við frjálsan hugbúnað og gert er ráð fyrir að frá haustinu 2012 munu fimm framhaldsskólar vera í þeirri stöðu. Menntaskólinn í Reykjavík mun frá upphafi nýs skólaárs verða rekinn nánast alfarið á frjálsum hugbúnaði og stefnir Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum á að fara sömu leið frá og með áramótum. Menntaskólinn á Akureyri, Menntaskólinn á Tröllaskaga, Verkmenntaskólinn á Akureyri og Menntaskóli Borgarfjarðar eru þegar reknir að mestu leyti á frjálsum hugbúnaði. Auk þess hefur notkun frjáls hugbúnaðar aukist mikið í öðrum framhaldsskólum landsins.

Meginmarkmið skóla með innleiðingu frjáls hugbúnaðar er aukinn jöfnuður og hagkvæmni í rekstri. Með innleiðingu frjáls hugbúnaðar eru jöfnuður á meðal nemenda og starfsmanna tryggður þar sem allir hafa aðgang að sama hugbúnaði án endurgjalds. Innleiðing frjáls hugbúnaðar felur í sér stofnkostnað en til lengri tíma lækkar kostnaður við rekstur tölvukerfa skólanna sem þýðir að aukið fé mun renna til faglegs starfs.

Undanfarin ár hefur mennta- og menningarmálaráðuneytið hvatt framhaldsskóla til að innleiða frjálsan hugbúnað. Í febrúar hélt ráðuneytið fyrsta „Frjálsa daginn“ þar sem saman komu fulltrúar framhaldsskóla og háskóla af öllu landinu og deildu reynslu sinni af notkun frjáls hugbúnaðar. Við það tilefni veitti ráðuneytið fé til valdra verkefna tengdum notkun á frjálsum hugbúnaði í framhaldsskólum og háskólum. Í framhaldi af Frjálsa deginum hefur komist á gott samstarf milli framhaldsskóla þar sem þeir hafa miðlað sín á milli reynslu og þekkingu á frjálsum hugbúnaði.

Stefnumótun

Unnið var að stefnumótun um fjarkennslu í framhaldsskólum og að undirbúningi stefnumótunar um kvikmyndamenntun. Gert er ráð fyrir að báðum þessum verkefnum ljúki á árinu 2012. Einnig var unnið að mótun aðgerða gegn brotthvarfi í framhaldsskólum í samstarfi við OECD. Helsta stefnumótunarverkefnið var á sviði starfsmenntunar.

Starfsmenntun

Á árinu var unnið að stefnumótun um starfsmenntun á vettvangi starfsgreinaneftdar, með víðtæku samráði við hagsmunaaðila á fundum um starfsmenntun og greiningarverkefni í samstarfi við OECD.

Ráðuneytið hratt af stað fundaröð um verkefnið undir heitinu „Starfsmenntun hvert skal stefna?“ (Natlog). Tilgangurinn með fundunum var að fá fram sjónarmið þeirra sem koma að mótun starfsmenntunar, heyra um stöðu mála og fá fram upplýsingar um það sem brennur á fólki í hinum ýmsu geirum starfsnáms.

Haldnir voru 9 fundir fyrir mismunandi svið starfsmenntunar þar sem fulltrúar skóla, fyrirtækja, starfsgreinaráða, nemenda og náms- og starfsráðgjafa komu saman til þess að ræða málefni starfsmenntunar á sínu sviði. Tæplega 500 manns hafa tekið þátt í fundunum. Fram verður haldið fundaherferðinni fyrri hluta árs 2012.

Um mótun starfsmenntunar á 4. þrepi (fagháskólastig) var unnið að greiningarskýrslu þar sem nám, sem tekur við að loknum framhaldsskóla er kortlagt. Í ágúst 2012 munu sérfræðingar á vegum OECD koma í heimsókn, rýna stöðu mála hér, bera hana saman við önnur lönd og veita ráðgjöf um framtíðaruppbyggingu. Verkefnið er unnið í samstarfi við sérfræðinga frá OECD.

Stefnt er að samantekt niðurstaðna á ráðstefnu 23. apríl 2012

Ýmsir viðburðir og verkefni

Úthlutun fjár til vinnustaðanáms og starfsþjálfunar 2011. Styrkjum til vinnustaðanáms og starfsþjálfunar á vinnustað úthlutað í fyrsta sinn. Um er að ræða styrki til fyrirtækja eða stofnana sem taka nemendur í vinnustaðánám og starfsþjálfun á vinnustað á grundvelli aðalnámskrár framhaldsskóla.

Starfshópur um málefni framhaldsskóla tók til starfa og á að endurskoða fyrirkomulag skólastarfs í framhaldsskólum og vinnu starfsmanna í ljósi framhaldsskólalaga, aðalnámskrár og laga um fimm ára kennaramenntun og meta hvaða áhrif þessi atriði munu hafa á starfsumhverfi og starfsskilyrði félagsmanna KÍ í framhaldsskólum.

Skýrsla OECD um stöðu menntamála. Efnahags og framfarastofnunin (OECD) hefur gefið út árlega skýrslu um stöðu menntamála á Íslandi og öðrum aðildarlöndum, Svipmynd af menntun (e. Education at a Glance).

Helstu atriði skýrslunnar eru eftirfarandi:

- Menntunarstig Íslendinga hefur aukist á undanförunum áratugum.
- Lægra hlutfall lýkur námi eftir grunnskóla á Íslandi en á Norðurlöndum
- Brottfall úr framhaldsskólum er yfir meðaltali OECD.
- Ísland í ellefta sæti innan OECD yfir útgjöld á hvern nemanda á öllum skólastigum

Málþing um nýja aðalnámskrá leikskóla. Félag leikskólakennara, Félag stjórnenda leikskóla, mennta- og menningarmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga buðu til tveggja málþinga um aðalnámskrá leikskóla, í Reykjavík og á Akureyri.

Ráðstefnan "Opíð menntaefni" var haldin mánudaginn 21. nóvember í salnum Rímu í Hörpu, tónlistar- og ráðstefnuhúsi í Reykjavík. Hún var ætluð kennurum og áhugafólki sem vildu kynna sér hvað opið menntaefni er. Hugmyndafræði opins menntaefnis var kynnt og rætt hvaða áhrif aukið framboð á opnu menntaefni gæti haft og þróun slíks efnis hér á landi.

Lykilfyrirlesarar á ráðstefnunni voru dr. Frank Rennie frá University of the Highlands and Islands og Hellen Lentell frá University Fellow Distance Learning og ráðgjafi við University of Leicester.

Innritun nýnema í framhaldsskóla haustið 2011

- Allir umsækjendur úr 10. bekk fengu skólavist í framhaldsskólum.
- Nýnemar fengu að jafnaði skólavist í þeim skólum sem þeir helst kusu.
- Betur gekk að útvega nýnemum skólavist en undanfarin ár.

Vorið 2011 sóttu 4205 nemendur um skólavist eða rúm 96% þeirra sem stunduðu nám í 10. bekk á undangengnu skólaári, sem er sama hlutfall og árið áður. Öllum þessum nýnemum var tryggð skólavist í 31 framhaldsskóla. Betur gekk að útvega nýnemum skólavist í framhaldsskólum en áður. Rúmlega 98% umsækjenda fengu inni í öðrum þeirra skóla er þeir sóttu um en tæplega 97% árið 2010. Mestu munar að þar af fengu tæp 87% nýnema inni í skóla, sem þeir völdu númer eitt en hlutfallið var mun lægra eða rúm 82% árið þar á undan.



Samstarfssamningur um læsi. Í maí var undirritaður samstarfssamningur um læsi milli mennta- og menningarmálaráðuneytis og menntavísindasviðs HÍ. Megin markmið samningsins er að þróa vef fyrir kennara og almenning þar sem fjallað er um læsi. Í nýjum aðalnámskrám er læsi sett fram sem einn af sex grunnþáttum í öllu námi skólastiganna þriggja. Ráðherra fannst mikill akkur í því að fræðimenn á sviðinu kæmu saman að því að vinna að aðgengilegu efni sem nýst gæti við kennslu og uppeldi.

Efni er birt á vefnum lesvefurinn.hi.is

Störf verkefnisstjóra á Suðurnesjum. Mennta- og menningarmálaráðuneyti réði í stöður tveggja verkefnisstjóra um eflingu menntunar á Suðurnesjum, þau Hönnu Maríu Kristjánsdóttur og Rúnar Fossadal Árnason og mun þau gegna störfunum til tveggja ára. Verkefnisstjórnir munu starfa undir stjórn stýrihóps um menntun á Suðurnesjum og vinna í samstarfi við menntastofnanir á svæðinu. Starfsstöð verkefnisstjóranna verður á Suðurnesjum.



Mats- og greiningarsvið hefur umsjón með framkvæmd gæðamats og eftirliti með gæðastarfi í menntastofnunum á öllum skólastigum eins og mælt er fyrir um í lögum og reglugerðum, þar með talið mati á rannsóknum í háskóla- og rannsóknastofnunum.

Mats- og greiningarsvið vinnur jafnframt að þróun aðferða við gæða- og árangursmat vegna starfsemi menningar-, mennta- og vísindamála. Mats- og greiningarsvið, í samstarfi við aðrar skrifstofur og svið, annast öflun og úrvinnslu þeirra gagna og upplýsinga sem við á hverju sinni til að tryggja yfirsýn og undirbyggja almenna stefnumótun í málaflokkum sem ráðuneytið fer með.

III. YTRA MAT Á SKÓLASTARFI

Ráðuneytið hefur eftirlit með því að leik-, grunn- og framhaldsskólar uppfylli þær skyldur sem lög reglugerðir og aðalnámskrá hvers skólastigs kveða á um. Reglubundið ytra mat ráðuneytisins felst í úttektum, könnunum og rannsóknum ásamt almennri öflun, greiningu og miðlun upplýsinga.

Markmið mats og eftirlits með skólastarfi er að tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá framhaldsskóla. Því er ætlað að auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum. Mati og eftirliti með skólastarfi er einnig ætlað að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun.

Með ytra mati á skólum er reynt að fá heildarmynd af skólastarfinu eða einstökum þáttum þess. Skoðaðir eru ýmsir þættir í innra starfi skólanna, s.s. stjórnun, kennsla, samskipti, samstarf, námsárangur, skólaandi og tengsl við samfélagið utan skólans.

Ráðuneytið gerir áætlun til þriggja ára um ytra mat (kannanir og úttektir) sem miða að því að veita upplýsingar um framkvæmd skólahalds. Ytra mat getur m.a. falist í úttektum á skólastarfi í heild eða einstökum þáttum þess, stofnanaúttektum, úttektum á námsgreinum og námsþáttum og/eða innra mati skóla. Einnig tekur ytra mat tekið til innlendra og erlendra kannana, rannsókna og samræmdra könnunar- og færniþróa. Niðurstöðum ber að fylgja eftir og tekur eftirfylgni ráðuneytisins mið af niðurstöðum hverju sinni. Niðurstöður allra kannana og úttekta eru birtar á vef ráðuneytisins. Þar verða einnig birtar greinargerðir og umbótaáætlanir framhaldsskóla í kjölfar ytra mats. Jafnframt getur ráðuneytið ef ástæða þykir til látið fara fram sérstakt ytra mat á skólum eða einstökum þáttum skólastarfs.

Eurydice útgáfur 2011 sem ráðuneytið tók þátt í:

- EURYPEDIA; evrópskt uppflettirit um menntakerfi Evrópuríkja: Sambærilegar og uppfærðar upplýsingar um skipan og fyrirkomulag menntamála í ríkjum Evrópu. Uppfært árlega.
- Science Education in Europe: National Policies, Practices and Research
- Mathematics Education in Europe: Common Challenges and National Policies
- Modernisation of Higher Education in Europe: Funding and the Social Dimension
- Teaching Reading in Europe: Contexts, Policies and Practices
- Adults in Formal Education: Policies and Practices in Europe
- Grade Retention during Compulsory Education in Europe: Regulations and Statistics
- Key Data on Learning and Innovation through ICT at school in Europe

Rafrænar árlegar útgáfur

- School and academic calendars 2011/12
- Structure of European education systems 2011/12
- Compulsory education in Europe 2011/12

Úttektir og kannanir 2011

Leikskólar

Úttekt á málumhverfi og lestrarproska barna í 10 leikskólum

- Leikskólinn Leikbær í Dalvíkurbyggð
- Leikskólinn Sólborg í Reykjavík
- Leikskólinn Múlaborg í Reykjavík
- Leikskólinn Hlíð í Mosfellsbæ
- Leikskólinn Árbær í Árborg
- Leikskólinn Bergheimar í Ölfusi
- Leikskólinn í Stykkishólmi

Grunnskólar

Úttekt á kennslu, námskröfum og námsmati í stærðfræði á unglíngastigi

- Fellaskóli í Fellabæ
- Grunnskólinn í Borgarnesi
- Sunnulækjarskóli á Selfossi
- Grunnskóli Hornafjarðar
- Grunnskólinn í Sandgerði
- Víkurskóli í Mýrdalshreppi

Framhaldsskólar

Úttekt á kennslu, námskröfum og námsmati í íslensku í framhaldsskólum

- Fjölbrautaskólinn í Ármúla
- Fjölbrautaskólinn í Austur- Skaftafellssýslu
- Fjölbrautaskólinn í Breiðholti
- Menntaskólinn Hraðbraut
- Menntaskólinn á Akureyri
- Menntaskólinn í Reykjavík

Kannanir

- Könnun á íþróttakennslu í framhaldsskólum
- Könnun á valáföngum í grunnskólum



IV. HÁSKÓLAR OG RANNSÓKNIR

Helstu verkefni ársins 2011 á sviði vísinda og háskóla:

- Lög, reglur og reglugerðir:
 - Endurskoðun á lögum um háskóla nr. 63/2006
 - Frumvarp til breytinga á lögum um opinbera háskóla nr. 83/2008.
 - Endurskoðun á Viðmiðum um æðri menntun og prófgráður á háskólastigi.
 - Breytingar á lögum um opinberan stuðning við vísindarannsóknir nr. 3/2003.
 - Endurskoðun laga um Vísinda- og tækniráð nr. 2/2003.
- Samningar um kennslu og rannsóknir háskólanna.
- Samningar við þekkingarsetur á landsbyggðinni.
- Gæðaráð háskóla.
- Háskólanetið, stefna um opinbera háskóla.
- Vísindamál.

Tafla 9. Nemendur í háskólanámi á Íslandi árið 2011

	Alls	Hlutfall	Karlar	Konur	Hlutfall kvk
Háskóli Íslands	13919	72,7%	4848	9071	65,2%
Háskólinn á Akureyri	1493	7,8%	365	1128	75,6%
Háskólinn á Bifröst	431	2,3%	180	251	58,2%
Háskólinn í Reykjavík	2468	12,9%	1491	977	39,6%
Landb.hs. á Hvanneyri	238	1,2%	81	157	66,0%
Listaháskóli Íslands	414	2,2%	169	245	59,2%
Háskólinn á Hólum	172	0,9%	40	132	76,7%
	19.135		7.174	11.961	62,5%

Á skrifstofu vísinda og háskóla störfuðu fimm starfsmenn á árinu 2011. Verkefnin varða stjórnábyrgð háskóla, rannsóknastofnana og vísindakerfisins í heild og birtist með margvíslegum hætti í stefnumótun, samningagerð, eftirliti og annarri umsjá.

Rannsóknastofnanir sem heyra undir umsjá skrifstofu vísinda og háskóla eru Rannsóknamiðstöð Íslands, Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum og Stofnun Árna Magnússonar. Haldnir eru reglulegir fundir með forstöðumönnum stofnana, rektorum háskóla o.fl. a.m.k. einu sinni ári auk annarra samskipta.

Ritari Vísinda- og tækniráðs er staðsettur á skrifstofu vísinda- og háskólamála. Hann undirbýr fundi ráðsins í samráði við þau ráðuneyti sem að ráðinu koma og hefur umsjón með starfi Vísinda- og tækniráðs.

Mennta- og menningarmálaráðherra skipar vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs. Ritari nefndarinnar er starfsmaður skrifstofu vísinda- og háskólamála og fer umsjá nefndarinnar fram á skrifstofunni. Í viðauka III eru talin ýmis reglubundin verkefni skrifstofunnar.

Háskólar og rannsóknir á Íslandi

Háskólanemar á Íslandi voru 19.135 á árinu 2011 og hafði fjölgað um u.þ.b. 20% frá árinu 2006. Mikil aukning hefur verið í námi til doktorsgráðu og til meistargráðu.

Lög og reglur

Á sviði háskóla og vísinda var unnið að endurskoðun eða breytingum á þessum lögum:

- a. Lögum um háskóla nr. 63/2006. Helstu markmið frumvarpsins eru að skýra betur hlutverk háskóla, fræðilegt sjálfstæði þeirra og starfsmanna háskóla. Frumvarpið var lagt fyrir Alþingi á 140. löggjafarþingi.
- b. Lögum um opinbera háskóla nr. 83/2008. Helstu markmið endurskoðunarinnar voru að færa Landbúnaðarháskóla Íslands og Hólaskóla - Háskólann á Hólum undir viðkomandi lög.
- c. Lögum um opinberan stuðning við vísindarannsóknir nr. 3/2003 og er gert ráð fyrir að leggja fram frumvarp á haustþingi 2012. Markmið breytinganna er að sameina og skilgreina betur sjóði sem styrkja vísindarannsóknir og tryggja markáætlun um vísindi og tækni lagastoð.
- d. Lögum um Vísinda- og tækniráð nr. 2/2003.

Þá var unnið að endurskoðun á Viðmiðum um æðri menntun og prófgráður á háskólastigi. Verkið var unnið af starfshópi með fulltrúum ráðuneytis og háskóla. Viðmiðin voru birt í Stjórnartíðindum þann 16. maí 2011 (augl. 530/2011). Fulltrúar ráðuneytisins hafa síðan haldið 4 fundi í háskólum og kynnt þar endurskoðuð viðmið.

Samningar við háskóla



Á árinu 2011 var unnið að gerð nýrra samninga fyrir háskólastigið í heild sinni, í nánú samstarfi við háskólana. Skrifað hefur verið undir samninga við Háskólann í Reykjavík og Háskólann á Bifröst og samningur við Listaháskóla Íslands er í lokavinnslu. Síðan mun röðin koma að opinberu háskólunum og er samningaferli hafið við Landbúnaðarháskóla Íslands og Hólaskóla - Háskólann á Hólum. Stefnt er að því að ljúka samningagerð við alla háskólana vorið 2012. Markmiðið með hinu nýja samningaferli er að auka gagnsæi og eftirlit með rekstri skólanna ásamt því að regluleg endurskoðun á viðaukum samningsins gerir skólum og ráðuneytum kleift að bregðast jafnóðum við þjóðfélagsbreytingum og sníða rekstur skólanna og háskólastigins í landinu að þörfum þjóðfélagsins á hverjum tíma.

Í viðauka háskólasamninga er að finna liðlega fimmtíu lykiltölur um starfsemi háskólanna sem skipt er upp í átta víddir, þ.e. um nemendur, starfsfólk, kennslu og rannsóknir, fjárhag, svæðistengingu, þekkingaryfirfærslu og alþjóðlegar áherslur. Unnið hefur verið að samræmdri skilgreiningu lykiltalna og gert ráð fyrir að þeim verði skilað árlega. Stefnt er að því að ráðuneytið vinni síðan og birti árlega samantektir um starfsemi og virkni háskólastigsins m.v. á einstaka skóla, út frá lykiltölum.


Á árinu var ákveðið að háskólar á Íslandi myndu taka þátt í evrópsku samstarfsverkefni um lykiltölur háskóla, svonefndu U-map verkefni (sjá slóðina www.u-map.eu). Lykiltölur þess verkefnis eru hluti lykiltalna háskóla. U-Map verkefnið er greining háskóla og á að lýsa megineinkennum þeirra.

Samningar um kennslu og rannsóknir háskólanna kveða á um að þeir skilgreini og birti lágmarkskröfur um hæfni nemenda sem hefja nám á grunnstigi í einstökum deildum og/eða á námsbrautum þeirra. Þessar kröfur eru nefnd aðgangsviðmið. Aðgangsviðmið einstakra deilda á háskólastigi eru mikilvægar upplýsingar fyrir framhaldsskóla við gerð námsbrauta og fyrir námsmenn um sérhæft námsval.

Innleiðingu aðalnámskrár framhaldsskóla frá 2011 skal lokið árið 2015. Mikilvægt er að virkt samráð eigi sér stað á milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins, framhaldsskólanna og háskólanna um aðgangsviðmið. Háskólarnir munu skólaárið 2012/2013 velja sér eitt fræðasvið/deild og vinna skilgreiningu aðgangsviðmiða fyrir allar námsleiðir innan hennar. Þeir munu halda samráðs- og vinnufund með fulltrúum ráðuneytisins og framhaldsskólanna um aðgangsviðmiðin og gefa þeim tækifæri til að bregðast við framsetningu og inntaki.

Samningar við þekkingarsetur á landsbyggðinni

Á árinu 2011 var unnið í fyrsta skipti að gerð samninga við svokölluð þekkingarsetur á landsbyggðinni. Skrifað hefur verið undir samninga við þekkingarnetið á Suðurlandi, þekkingarsetur Vestmannaeyja, Háskólasetur Vestfjarða, þekkingarnet Þingeyinga, þekkingarnet Austurlands, þekkingarsetrið á Vopnafirði og á árinu hefur verið unnið að gerð samnings um þekkingarsetur á Blönduósi. Meginmarkmið samninganna er að bæta aðgengi íbúa að námi og stuðla að auknu samstarfi og samþættingu menntunar, rannsókna, fræðastarfs og atvinnuþróunar. Setrunum er ætlað að hafa ákveðið frumkvæði að rannsóknar- og þróunarverkefnum sem byggja á sérstöðu í náttúrufari, atvinnulífi og/eða menningu svæðanna og eru til þess fallin að efla byggð. Mennta- og menningarmálaráðuneytið er með þessum samningum að festa í sessi starfsemi þekkingarsetra á landsbyggðinni. Á grundvelli fjárframlaga til ólíkra setra er ábyrgð þeirra á starfsemi skilgreind þannig að hún fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði.



Gæðaráð háskóla

Árið 2010 var stofnað sérstakt Gæðaráð háskóla. Gæðaráðið á meðal annars að tryggja gæði háskólastarfsemi hér á landi, bæði á sviði rannsókna og kennslu, samkeppnishæfni háskólanna og færa gæðaeftirlit til samræmis við þær alþjóðlegu skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist. Gæðaráðið mótar aðferðafræði fyrir mat á gæðum í kennslu og rannsóknum og hefur gert tillögu til ráðherra um fimm ára áætlun um eftirlit með kennslu og rannsóknum við íslenska háskóla. Það hefur mótað skýra stefnu um gæðaeftirlit á háskólastigi, sem m.a. gerir kröfur um að skólarnir viðhaldi ábyrgu innra gæðaeftirliti og felur í sér áætlun um ytra eftirlit. Stefnan er sett fram í gæðahandbók, sem var kynnt á ráðstefnu um gæðamál háskólanna 18. október 2011. Í henni eru sett fram mælanleg markmið sem háskólar verða að uppfylla og munu úrskurðir Gæðaráðsins verða birtir opinberlega. Sett hafa verið skýr markmið og tímarammi um hvenær og hversu oft viðkomandi háskólar skulu gangast undir opinbert ytra gæðaeftirlit.

Samstarfsnet opinberra háskóla

Í ágúst árið 2010 var mörkuð stefna um opinbera háskóla undir heitinu Háskólanetið og markmiðið er að standa vörð um starfsemi þeirra og stofna samstarfsnet með hugsanlega sameiningu í huga. Markmiðið er þrjúþætt: Í fyrsta lagi að efla háskóla-kennslu, rannsóknir og nýsköpun til styrktar framtíðaruppbyggingu íslensks samfélags. Í öðru lagi að hagræða í rekstri háskólanna þannig að fjármunir nýtist sem allra best. Í þriðja lagi að halda uppi öflugri og fjölbreyttri háskólastarfsemi víðs vegar á landinu. Háskólanetið starfar samkvæmt verkefnaáætlun sem samþykkt var af hálfu ráðuneytisins árið 2011.

Eftirfarandi verkefni hefur verið ýtt úr vör: Samningur um stoðþjónustu var undirritaður í maí 2011. Samningurinn hefur leitt af sér tvö verkefni sem nú er unnið að.

Annað þeirra miðar að því að taka upp samræmdan hugbúnað fyrir upplýsingar um nemendur og fyrir rafrænt kennslumhverfi. Boðnir hafa verið hvatastyrkir um sameiginlegt námsframboð og í lok árs 2011 var undirritaður samningur um aðgengi nemenda á námsleiðum og námskeiðum milli skólanna.

Tafla 10 . Fjárveitingar til háskóla 2008 - 2011

	Fjárlög 2008	Fjárlög 2009	Fjárlög 2010	Fjárlög 2011
Háskóli Íslands	12.130,9	11.708,9	11.043,2	10.039,1
Háskólinn í Reykjavík	2.537,4	2.554,9	2.284,9	2.006,8
Háskólinn á Akureyri	1.775,8	1.717,7	1.505,6	1.367,0
Listaháskóli Íslands	801,0	785,1	702,0	645,1
Landbúnaðarháskóli Ísl.	610,8	648,3	652,4	584,5
Háskólinn á Bifröst	375,3	408,6	364,1	320,6
Háskólinn á Hólum	321,1	314,8	281,8	251,7
Samtals	8.552,3	17.823,5	16.834,0	15.214,8

Vísindamál

Á árinu 2011 voru haldnir tveir fundir í Vísinda- og tækniráði og það samþykkti alls sex tillögur, sjá: <http://vt.is/alyktanir/alyktanir-2011>. Til að undirbúa fundi Vísinda- og tækniráðs eru haldir reglulega fundir í starfsnefndum ráðsins; vísindanefnd og tækninefnd. Vísindanefnd hélt alls átta fundi á árinu, en saman funduðu vísinda- og tækninefndir alls átján sinnum á árinu 2011.

Helstu verkefni árið 2011:

- Haldnir voru fjórir opnir fundir um vísinda- og nýsköpunarkerfið.
- Stöðumat á framkvæmd og eftirfylgni stefnu vísinda- og tækniráðs 2010-2012 „Byggt á styrkum stoðum“ í október.
- Starfshópur um rannsóknainnviði var við störf á árinu.
- Starfshópur um einföldun á vísinda- og nýsköpunarkerfinu hóf störf á árinu 2011, skilar tillögum í mars 2012.
- Starfshópur vann að siðareglum fyrir íslenskt vísindasamfélag og gerði tillögur, sem ætlað er að vera leiðbeinandi fyrir vönduð vinnubrögð í vísindum.



V. ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF

Samstarf við OECD

Á árinu efndi mennta- og menningarmálaráðuneyti til samstarfs við OECD um innleiðingu menntastefnu og mótun aðgerða til að draga úr brotthvarfi nemenda úr framhaldsskólum. Unnin var bakgrunnsskýrsla á vegum ráðuneytisins sem sérfræðingar OECD nýttu ásamt gögnum stofnunarinnar til að vinna greiningu á stöðu íslensks menntakerfis með tilliti til brotthvarfs.

Haldið varð málþing um brotthvarf þann 22. nóvember 2011 þar sem ráðuneytið kynnti áherslur Íslands við innleiðingu menntastefnu og mótun aðgerða til að draga úr brotthvarfi. Sérfræðingar á vegum OECD frá Noregi, Finnlandi og Bandaríkjunum, auk starfsmanna stofnunarinnar, fjölluðu um brotthvarf frá alþjóðlegu sjónarhorni og í ljósi niðurstöðu greiningar þeirra á styrkleikum og veikleikum íslensks menntakerfis.

Til málþingsins var boðið fulltrúum Alþingis og sveitarfélaga, samtökum skólastjórnenda, kennara, nemenda, foreldra, háskóla og öðrum sem áhrif hafa á stefnumótun í menntamálum. Ræddu þeir þær áskoranir sem Íslendingar standa frammi fyrir og hvaða aðgerðir munu vera árangursríkastar við að draga úr brotthvarfi og efla menntun hér á landi.

Í framhaldinu vann OECD skýrslu um niðurstöður málþingsins sem birtar voru á vef stofnunarinnar <http://www.oecd.org/dataoecd/26/63/49451462.pdf>

Aðildarviðræður

Árið 2011 starfaði óformlegur samráðshópur um mál á sviðum mennta- og menningarmálaráðuneytis, sem snerta umsókn Íslands að ESB. Er þar einkum um að ræða þátttöku í samningahópi um 22. kafla samningaviðræðna, sem fjallar um byggðamál (í víðum skilningi). Stefna ESB í byggðamálum er samofin stefnu um að jafna aðstöðu og lífsgæði íbúa álfunnar (Cohesion Policy) og verkfærin eru nokkrir sjóðir, sem einu nafni nefnast Structural Funds og hafa m.a. verið kallaðir stoðkerfissjóðir á íslensku. Ef til aðildar kemur munu tveir sjóðir verða starfræktir, Félagsmálasjóður (ESF) og Byggingaþróunarsjóður (ERDF).

Samtals gætu þeir haft 2 - 4 milljarða kr. til úthlutunar á hverju ári. Þar að auki verða sjóðir á sviðum landbúnaðar og fiskveiða.

Eftir athugun og samanburð á íslenskum lögum og reglum ESB hefur framkvæmdastjórn ESB sett svokölluð opunarviðmið fyrir 22. kafla. Þau fela í sér að íslensk stjórnvöld leggi fram áætlun um hvernig þau ætla að standa að hugsanlegum lagasetningum og -breytingum, undirbúningi að stofnun stjórnarstofnunar (MA - Management Authority) og gerð draga að áætlunum fyrir framangreinda sjóði.

Til að hægt sé að loka 22. kafla, þ.e. til að ESB geti litið svo á að ekkert standi í vegi fyrir að íslensk stjórnvöld geti rekið framangreinda sjóði með réttum hætti, þurfa að liggja fyrir drög að framkvæmdaáætlunum (e. Operational Programme, OP) fyrir báða sjóðina, ESF og ERDF. Að jafnaði tekur um þrjú ár að gera áætlanir af þessu tagi. Þessar áætlanir gera ráð fyrir miklu samstarfi og samráði við alla hugsanlega hagsmunaaðila, samstarfi ráðuneyta og samspili við aðrar pólitískar ákvarðanir stjórnvalda. Í áætlununum er ákveðið til hvers á að nota fé sjóðanna, þ.e. hvaða markmiðum á að ná. Í þessu felst að setja þarf meginmarkmið og út frá þeim áherslur og þá flokka af verkefnum, sem á að fjármagna.

Gert er ráð fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti taki þátt í gerð áætlana fyrir báða sjóðina. Verkefni ERDF eru einkum á sviði atvinnuþróunar o.þh. Í ESB ríkjum í Norður-Evrópu er stórum hluta ERDF fjárens varið til rannsókna og þróunar í samstarfi við opinbera háskóla og stofnanir.

EES samstarfið

Seinni hluta árs 2011 birti framkvæmdastjórn Evrópusambandsins tillögur að nýjum áætlunum fyrir:

- a. Vísindi og nýsköpun.
- b. Menntun, þjálfun, æskulýðsmál og íþróttir.
- c. Menningarmál.

Áætlanirnar endurspeglar grundvallarþætti 2020 áætlunar ESB. Tillögur framkvæmdastjórnarinnar um áætlanirnar eru nú til umræðu hjá aðildarríkjunum í ráðherraráðinu og munu svo ráðið og Evrópuþingið taka lokaákvörðun um málið fyrir árslok 2013. Tekur Ísland þátt í þessum áætlunum sem EES/EFTA ríki.

Framkvæmdastjórn ESB hefur lagt fram tillögur að fjárhagsramma fyrir sambandið fyrir árin 2014 – 2020. Tillögurnar eru nú til umfjöllunar hjá ráðherraráðinu og Evrópuþinginu. Samkvæmt þeim er gert ráð fyrir 5-7% hækkun á heildarfjárlögum ESB. Ef tillagan verður samþykkt óbreytt mun fjárframlag EES/EFTA ríkjanna hækka um 50-60% miðað við fjárlagaramman fyrir árið 2007-2013. Meginástæða hækkunarinnar er hækkun framlaga til nýsköpunar og rannsókna.

Norrænt samstarf

Þátttaka ráðuneytisins í norrænu samstarfi á sviði menningar-, mennta- og vísindamála er umfangsmikil. Ætla má að starfsmenn í ráðuneytinu verji hið minnsta 50 – 60 vinnudögum í utanferðir á ári vegna þessa. Meðal þess sem helst bar á góma árið 2011 var úttekt á norræna rannsóknarkerfinu og undirbúningur að fyrirhuguðum breytingum á þv, uppfærsla á Nordplus áætluninni fyrir árin 2012–2016, vinna við norræna tungumálaátakið og brottfall úr framhaldsskólum. Unnið var að færniþróun fullorðinna, gæðum í fullorðinsfræðslu, námi fullorðinna í atvinnulífinu, lestrar- og skriftarörðguleikum meðal fullorðinna og aðlögun innflytjenda. Þessi málefni tengjast beint þeim Ísland 2020 markmiðum ríkisstjórnarinnar þess efnis að lækka hlutfall fólks á vinnumarkaði með stutta formlega skólagöngu úr 30% í 10% fyrir árið 2020.

Á sviði háskóla- og vísindamála var unnið að því að gera norræna háskólamenntun sýnilegri á alþjóðavettvangi, styrkja norrænar einingar í alþjóðlegri samkeppni og auka hreyfanleika innan æðri menntunar á Norðurlöndum. Jafnframt var unnið að þróun norrænnar þátttöku í evrópsku tengslaneti háskóla um skráningu á ýmsum lykiltölum.

Á sviði menningarmála var m.a. fjallað um menningaráætlanirnar og skipulag þeirra en hverri áætlun er ætlað að vera tímabundin. Ákveðið var að framlengja áætlun um tölvuleiki til ársins 2015 og áætlun um ferða- og dvalarstyrki um þrjú ár eða til 2014. Eystrasaltslöndin taka þátt í þeirri síðarnefndu. Ákveðið var að sameina tvær stofnanir á menningarsviðinu og var Norræna stofnuninni í Finnlandi, NIFIN og Norræna menningargáttinni, KKN, slegið saman í eina með víðara verksvið en áður. Hin nýja stofnun heldur nafninu Norræna menningargáttin.

Unnið var að undirbúningi að norrænni menningarhátíð í Washington í mars 2013, en menningarmiðstöðin Kennedy Center stendur að henni. Á funum menningarmálaráðherra Norðurlanda var eitt af helstu málum hvernig kynna mætti norrænar barnabókmenntir og barnamenningu.

VIÐAUKI I: Menningarmál

Reglubundin verkefni skrifstofu menningarmála:

Þátttaka í ýmsum innlendum nefndum:

- Nefnd um endurgreiðslu vegna kvikmyndagerðar
- Nefnd um framtíð Núpsstaðar
- Samráðshópur menntamálaráðuneytis og utanríkisráðuneytis um menningarverkefni erlendis
- Stjórn Listahátíðar í Reykjavík
- Valnefnd, undirbúningsnefnd vegna nýs kerfis fyrir bókasöfn
- Verkefnisstjórn fyrir bókastefnuna í Frankfurt 2011
- Vinnuhópur um menningarstefnu í mannvirkjagerð
- Verkefnisstjórn Dags íslenskrar tungu 16. nóvember
- Íslenska UNESCO-nefndin
- Vinnuhópur um endurskoðun lyfjaeftirlits í íþróttum
- Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ
- Nefnd um öryggisreglur í íþróttamannvirkjum; sund- og baðstaðir, íþróttahús, skíðasvæði
- Stjórn Íslenskra Getrauna
- Aðild að Staðlaráði
- Heimsminjanefnd Íslands.

Erlent samstarf

Skrifstofa menningarmála tók fyrir hönd ráðuneytisins þátt í neðangreindu erlendu samstarfi á sviði menningarmála. Í því fólst að starfsmenn sátu sem fulltrúar ráðuneytisins í erlendum nefndum og sóttu fundi, tóku við ýmsum erindum og upplýsingum og miðluðu þeim áfram til viðkomandi aðila á Íslandi. Einnig sóttu starfsmenn ýmsar ráðstefnur og fundi.

Norræn menningarsamvinna:

- Norræna embættismannanefndin á sviði menningarmála
- Finnk-íslenski menningarsjóðurinn
- Sænsk-íslenski menningarsjóðurinn
- Norskt- íslenskt menningarsamstarf
- Norræna barna- ungmennanefndin NORDBUK
- Norrænn samstarfshópur um byggingu og rekstur íþróttamannvirkja
- Norræna skólaíþróttanefndin
- Norræna fötlunarráðið

- Samstarfsnefnd norrænna ráðuneyta um íþróttamál
- Samstarfsnefnd norrænna ráðuneyta um kvikmyndamál
- Samstarfsnefnd norrænna ráðuneyta um æskulýðsmál
- Vinnuhópur um aukið samstarf vestnorrænu landanna á sviði íþróttá
- Vinnuhópur um skapandi atvinnugreinar (KreaNord)
- Vinnuhópur um menningarsamstarf innan norrænu víddarinnar (Cultural Partnership in the Nordic Dimension).

Evrópusamstarf á sviði menningarmála:

- EFTA vinnuhópur um fjölmiðlamál
- EFTA vinnuhópur um menningarmál
- Stjórnarnefnd fyrir kvikmyndaáætlun Evrópusambandsins “Media Plus”
- Tengslanefnd um tilskipun Evrópusambandsins um sjónvarp án landamæra
- Evrópuráðssamstarf í fjölmiðlamálum og nýjum miðlum
- Evrópuráðssamstarf í menningarmálum
- Samstarf Eystrasaltsríkjanna í menningarmálum
- Stjórnarnefnd menningararfsnefndar Evrópuráðsins
- Framkvæmdastjórn menningararfsnefndar Evrópuráðsins
- Stjórnarnefnd Evrópuráðsins um æskulýðsmál – Strassborg
- Stjórnarnefnd fyrir menningaráætlun ESB
- Stjórnarnefnd fyrir ungmennaáætlun ESB
- Íþróttanefnd Evrópuráðsins (Enlarged Partial Agreement on Sport)
- Lyfjaeftirlitsnefnd Evrópuráðsins
- CAHAMA (European Co-ordination Forum for WADA) Stjórnvaldsnefnd um lyfjaeftirlit
- Monitoring Group of the Anti-Doping Convention. Sérfræðinganefnd um lyfjaeftirlit.

UNESCO

- Samstarf norrænu UNESCO-nefndanna og þátttaka í samstarfi evrópskra UNESCO-nefnda
- Samstarf norrænu ríkjanna á sviði heimsminjasamnings UNESCO
- Norrænt tengslanet staða á heimsminjaskrá UNESCO
- Stjórn Nordic World Heritage Foundation.

Samskipti og verkefni með stofnunum

- undirbúningur að setningu laga og reglugerða
- skipun stjórna og nefnda
- umsögn um fjárlagatillögur
- gerð árangursstjórnunarsamninga og eftirfylgni með þeim
- afgreiðsla á ýmsum erindum sem bárust frá stofnunum.

Stofnanir:

- Blindrabókasafn Íslands
- Fornleifavernd ríkisins
- Húsafriðunarnefnd
- Íslenski dansflokkurinn
- Kvikmyndamiðstöð Íslands
- Kvikmyndasafn Íslands
- Landsbókasafn Íslands – háskólabókasafn
- Listasafn Einars Jónssonar
- Listasafn Íslands
- Náttúruminjasafn Íslands
- Ríkisútvarpið
- Sinfóníuhljómsveit Íslands
- Þjóðleikhúsið
- Þjóðminjasafn Íslands
- Þjóðskjalasafn Íslands
- Þjóðmenningarhúsið.

Sjóðir

Sjóðirnir starfa sjálfstætt en skrifstofan sá um að afla tilnefninga í sjóðsstjórnir, ganga frá skipun stjórna og afgreiða erindi sem bárust frá sjóðunum, þ.m.t. að taka á móti umsóknum og ganga frá tilkynningum um styrki. Einstakir starfsmenn skrifstofunnar voru starfsmenn nokkurra sjóða utan við almennt verksvið sitt í deildinni.

- Barnamenningarsjóður
- Bókasafnssjóður höfunda
- Bókmenntasjóður
- Fornleifasjóður
- Húsafriðunarsjóður
- Íþróttasjóður
- Kvikmyndasjóður
- Launasjóður höfunda fræðirita
- Listskreytingasjóður
- Menningarsjóður félagsheimila
- Safnasjóður
- Launasjóður stórmeistara í skák *
- Tónlistarsjóður

- Æskulýðssjóður
- Starfsemi atvinnuleikhópa.

*Aðeins launagreiðslur

Nokkur helstu verkefni árið 2011

Íþrótt- og æskulýðsdeild

- Útgáfa íþróttastefnu
- Smáþjóðaleikar
- Setning reglugerðar um Launasjóð stórmeistara
- KOMPÁS
- Verndum þau verkefnið
- Æskulýðsrannsóknirnar Ungt fólk
- Evrópa unga fólksins.

Lista- og safnadeild

- Opnun Hörpu
- Flutningur Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Íslensku óperunnar í Hörpu
- Lög um íslenska tungu og íslenskt táknmál
- Menningarsamningar við landsbyggðina
- Feneyjatvíæringurinn
- Samkomulag um stefnumörkun fyrir íslenska kvikmyndagerð og kvikmyndamenningu 2012 - 2015
- Dagur íslenskrar tungu
- Ný lög um Landsbókasafn -Háskólabókasafn
- Ný safnalög, lög um Þjóðminjasafn og skilalög
- Vinna við aðrar lagabreytingar (menningarminjar, skjalasöfn, bókasöfn og sviðslistir)
- Breytingar á framsetningu fjárveitinga til lista/menningar/æskulýðs- & íþróttastyrkja í fjárlögum
- Undirbúningur undir viðtöku verkefna frá forsætisráðuneyti
- Endurnýjun samnings Kvikmyndasafns og Hafnarfjarðarbæjar
- Samkomulag við RIFF og Bíó Paradís
- Heimsminjar
- Opnun heimasíðu
- Periodic reporting fundur UNESCO og fulltrúa landa í Vestur-Evrópu, þeirra sem bera ábyrgð á heimsminjasamningnum í sínum heimalöndum þar sem Ísland/ráðuneytið var gestgjafinn.

Fjölmiðladeild

- Fjölmiðlalög
- Samningur um útvarpsþjónustu í almannapágu.

VIÐAUKI II: Menntamál

Reglubundin/árviss viðfangsefni skrifstofu menntamála. Listinn er ekki tæmandi.

1. ECVET – verkefni
2. Eftirfylgni úttekta og kannana
3. Erlent samstarf
4. Learning outcomes group
5. Leiðbeiningar og ráðgjöf til foreldra, sveitarfélaga og skólastjórnenda vegna framkvæmd skólamála á leik- og grunnskólastigi
6. Leiðbeiningar og samskipti við skólameistara
7. Matsnefndir fyrir leyfisbréf
8. Móttaka erlendra gesta, gerð kynningarefnis
9. National coordination for Adult Learning – ESB
10. Norræn EQF verkefni
11. Norrænt samstarf um viðurkenningu starfsmenntunar
12. Samningar og samskipti við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins
13. Samningar og samskipti við símenntunarmiðstöðvar
14. Samskipti við forstöðumenn skólaskrifstofa vegna leik- og grunnskóla
15. Samskipti við Heimili og skóla
16. Samskipti við kennaramenntunarstofnanir
17. Samskipti við Kennarasamband Íslands
18. Samskipti við Námsgagnastofnun
19. Samskipti við Samband íslenskra sveitarfélaga
20. Samskipti við starfsgreinaráð
21. Samstarf um verkefni þvert á ráðuneyti
22. Samstarfsnefndir, m.a. samráðsnefnd leik- og grunnskóla, framhaldsskóla og tónlistarskóla
23. Skipun í og samskipti við nemaleyfisnefndir
24. Skipun í og samskipti við prófanefndir
25. Skipun í og samskipti við skólanefndir framhaldsskóla
26. Skipun í og samskipti við starfsgreinaráð
27. Staðfesting á prófum og mat á námi vegna umsókna um nám erlendis
28. Stjórnsýslukærur
29. Stjórnsýsluúrskurðir
30. Styrkir til íslenskukennslu fyrir útlendinga
31. Styrkir til og samskipti við fagfélög kennara
32. Styrkir vegna dönskukennslu
33. Styrkir vegna náms í listdansi
34. Sveinspróf, sveinsprófsnefndir, regluverk og kærumál
35. Svör við almennum erindum, túlkun á lagaákvæðum
36. Svör við fyrirspurnum frá Alþingi
37. Tenging náms við NQF
38. Tengsl við ýmsa hagsmunaaðila og stofnanir, t.d. umboðsmann barna, Barnaverndarstofu, Embætti landlæknis og Proskahjálp
39. Umsjón með gagnagrunni sveinsprófa
40. Umsjón með og þátttaka í MR-U
41. Umsjón með Skinnu og vöruhúsi gagna
42. Umsjón með styrkveitingum til íslenskukennslu fyrir útlendinga
43. Umsjón með styrkveitingum til vinnustaðanáms
44. Undanþágunefnd framhaldsskólakennara

45. Upplýsingagjöf
46. Útgáfa leyfisbréfa:
leik-, grunn- og
framhaldsskólakennara,
náms- og starfsráðgjafa
47. Úthlutanir úr sjóðum:
Sprotasjóður og
Þróunarsjóður námsgagna
48. Viðaukar með prófsk.
Europass
49. Viðurkenning einkaskóla:
grunn- og framhaldsskólastig
50. Viðurkenning erlendrar
starfsmenntunar
51. Vöktun samninga og
samskipti við 9 fræðsluaðila
og samtök þeirra (Kvasi og
Leikn)
52. Vöktun samninga og
samskipti við Fræðslumiðstöð
atvinnulífsins og Fræðslusjóð
53. Vöktun samninga og
samskipti við Iðuna
og Fræðsluskrifstofu
rafiðnaðarins
54. Þátttaka í EK-U sjóðum
55. Þátttaka í stjórnarnefnd
Nordplus
56. Þátttaka í störfum
starfsgreinanevndar og
utanumhald um starfið
57. Þátttaka í SVL
58. Þátttaka í vinnuhópi EFTA
um menntun, þjálfun og
æskulýðsmál
59. Þátttaka í vinnuhópi EFTA um
viðurkenningarmál
60. Þátttaka í
Yrkesutdannelsesgruppen

VIÐAUKI III: Vísindi og háskólamál

Reglubundin/árviss viðfangsefni skrifstofu vísinda og háskóla. Listinn er ekki tæmandi.

Nefndir og verkefni:

1. Móttaka erinda frá borgurum/einstaklingum í síma og tölvupósti og veita leiðbeiningar um úrlausn mála þeirra
2. Útgáfa leyfisbréfa fyrir bókasafnsfræðinga
3. Samráð við helstu hagsmunaaðila í háskólum og vísindastarfi
4. Eftirfylgni úttekta og kannana
5. Endurskoðun laga og útgáfa reglna
6. Reglulegir fundir með stofnunum utan háskóla
7. Starfshópur um viðmið um æðri menntun og prófgráður
8. Starfshópur um lykiltölur í háskólum
9. Undirbúningur samninga og samningagerð
10. Móttaka erlendra gesta og kynningarefni
11. Viðtaka og kynningar á styrkboðum erlendis frá fyrir íslenska nemendur
12. Yfirlestur umsókna fyrir erlend sendiráð eða styrkstofnanir. Þátttaka í viðtölum
13. Starfshópur um AST verkefnið – samþætting stoðstofnana á Austurlandi
14. Fulltrúi í stjórn norrænnar ofurtölvuþátttaka í Jarðvarmaklasa. Þátttaka menntamálaráðuneytis í nýliðunarhópi
15. Þátttaka í hátækni- og sprotavettvangi
16. Þátttaka í starfi ráðuneyta um gerð efnahagsáætlunar
17. Þátttaka um Sóknaráætlun landshluta 2020
18. Þátttaka í Sóknaráætlun Ísland 2020
19. Þátttaka í samþættingu og einföldun stefnu stjórnvalda
20. Þátttaka í starfi um opinn aðgang í Evrópu
21. Samráðsfundir ráðuneyta um atvinnumál
22. Ritari vísindanefndar
23. Ritari vísinda- og tækniráðs
24. Samskipti við kennslumálanefnd
25. Samráðsfundir ráðuneyta vegna ERDF og ESF
26. Þátttaka í atvinnuátaksverkefni á Vestfjörðum
27. Þátttaka í QUAERNO - ráðstefna í Færeyjum
28. Þátttaka í þremur ráðstefnum á vegum vísinda- og tækniráðs

30. Þátttaka í ráðstefnum á vegum Gæðaráðs háskóla
31. Öll innri málefni skrifstofunnar; verkefnaáætlanir, árskýrslur o.fl.

Alþjóðlegt samstarf

Starfsmenn skrifstofunnar tóku þátt í fjölþættu alþjóðlegu samstarfi um háskóla og vísindamál. Áhersla hefur verið á evrópskt og norrænt samstarf. Í samstarfinu felst að starfsmenn sitja sem fulltrúar ráðuneytisins í erlendum nefndum og sóttu fundi, tóku við ýmsum erindum og upplýsingum og miðluðu þeim áfram til viðkomandi aðila á Íslandi. Einnig sóttu starfsmenn ýmsar ráðstefnur og fundi.

1. Samstarfsnefnd um æðri menntun í Evrópu
2. Stefnumótunarnefnd ESB um vísindi og tækniþróun
3. Stefnumótunarnefnd OECD um vísindi og þróun
4. Norræn embættismannefnd um menntun og vísindi
5. Vinnunefnd EFTA um vísindamál
6. Nefnd um Bologna málefni
7. Högut. Starfsnefnd um háskólamál á Norðurlöndum
8. Vinnuhópur um vísindamálefni á Norðurlöndum
9. Þátttaka í ráðherrafundum um háskóla og vísindamál
10. Samráðsnefnd um uppbyggingu evrópska rannsóknarinnviða (ESFRI)
11. Stjórnarnefnd í 7. rammaáætlun ESB um rannsóknarinnviði
12. Norrænn vinnuhópur um uppbyggingu rannsóknarinnviða á Norðurlöndum
13. Stýriningfnd um rannsóknaráætlun um rafræna innviði á Norðurlöndum
14. Stýriningfnd um samstarf á sviði rafrænna innviða á Norðurlöndum
15. Starfshópur um lykiltölur (U-map) á Norðurlöndum og í Evrópu
16. Stefnumótunarnefnd um rannsóknarinnviði

Umsýsla gagnvart:

1. Samráð við HÍ vegna EMBL/EMBO
2. Samráð við HÍ vegna Norræna sjónaukans
3. Samráð við samstarfsnefnd um kennslu norrænna tungumála í erlendum háskólum
4. Samráð við HÍ vegna ENIC/NARIC skrifstofunnar
5. Samráð við HÍ vegna Evrópuráðsins
6. Samskipti við Rannís vegna Jules Verne verkefnisins
7. Samskipti við Gæðaráð háskóla og ráðgjafanefnd gæðaráðs háskóla
8. Sérstakt samráð við SÁM vegna styrkja fyrir erlenda nemendur í íslenskunámi.

VIÐAUKI IV:

Starfsmannabreytingar 2011:

Hófu störf:

- Elín Thorarensen verkefnaráðin á skrifstofu menntamála
- Kolbrún Baldursdóttir verkefnaráðin á skrifstofu menntamála
- Þórarinn Sólmundarson vistaskipti á skrifstofu vísinda- og háskólamála
- Þórey Aðalsteinsdóttir lögfræðingur á lögfræðisvið

Luku störfum:

- Ásgerður Kjartansdóttir deildarstjóri
- Berglind Rós Magnúsdóttir ráðgjafi
- Elfa Ýr Gylfadóttir deildarstjóri
- Kolbrún Baldursdóttir verkefnaráðin

Tímabundið ráðin:

- Birgir Jóhannsson
- Elías Alfreðsson
- Regína Hjaltadóttir/Ásdísardóttir
- Lilja Bjarnadóttir
- Sigurlaug Lilja Jónasdóttir
- Skúlína Hlíf Kjartansdóttir
- Stefán Bjarnason
- Birita í Dali
- Gunnar Sigurðarson
- Margrét Magnúsdóttir

Breytti um starfssvið:

- Þorgeir Ólafsson fluttist af lögfræðisviði á skrifstofu yfirstjórnar og tók við starfi upplýsingafulltrúa.


Í fæðingarorlofi:

- Sigurbjörg Sigurjónsdóttir

VIÐAUKI V:


Rekstur aðalskrifstofu – Samanburður á nokkrum kostnaðarliðum

Ferðakostnaður utanlands




Útgjöld vegna utanlandsferða voru mest árið 2008 er þau numu um 12,4 m.kr. Í kjölfar hrunsins 2008 dró verulega úr ferðum starfsmanna strax árið 2009 og svo aftur árið 2010. Tölurnar í súluritinu hér að ofan gefa þó ekki alveg rétta mynd af því hversu mikið ferðum fækkaði því á sama tíma hefur ferðakostnaður hækkað vegna gengisbreytinga.

Leigubílar




Frá árinu 2008 hefur dregið verulega úr leigubílakostnaði.

Póstburðargjöld




Kostnaður vegna póstburðagjalda hefur dregist saman frá árinu 2007 um nær helming. Lækkunina má rekja til aukinnar notkunar á fjölpósti með rafrænum hætti, auk þess sem starfsmenn nota í auknum mæli tölvupóst í stað bréfpósts.

Auglýsingar




Auglýsingakostnaður hefur farið lækkandi fram til ársins 2011 er hann nær fjórfaldaðist miðað við árið áður. Ástæðuna má fyrst og fremst rekja til óvenju margra auglýsinga í Stjórnartíðindum um friðlýsingar o.fl.

Kaup á ljósritunarpappír




Aukinn kostnaður vegna kaupa á ljósritunarpappír skýrist að mestu af hærra innkaupsverði. Frá árinu 2008 til 2011 hefur hækkunin numið 208 þús. kr. eða 47,5%

Máltíðir og kaffiveitingar




Ávextir



Árið 2005 var byrjað að kaupa inn ávexti fyrir starfsmenn ráðuneytisins. Í súluritinu kemur fram mikil hækkun á innkaupsverði milli árunna 2009 og 2010. Ástæða þessarar hækkunar má rekja til þeirra gengisbreytinga sem áttu sér stað síðla árs 2008 sem fyrst skiluð sér í innkaupsverði til ráðuneytisins árið 2010. Vegna samkomulags um fast verð fram til ársins 2010 kom gengishækkunin fyrst til það ár.

Drykkjarvörur



Eins og fram kemur í súluritinu þá hefur heldur dregið úr kaffidrykkju starfsmanna síðustu þrjú árin en á sama tíma hefur vatns- og tedrykkja aukist sem því nemur.

Ljósritun og fjöldapóstsendingar

